



Sumardvöl í Langeyjarnesi og Efri-Langey
Klofningshreppi Dalasýslu

1958–1961

Kristbjörn Egilsson

Sumardvöl í Langeyjarnesi og Efri-Langey
Klofningshreppi Dalasýslu

1958–1961

Kristbjörn Egilsson

Tíleinkað Elínu í Langeyjarnesi
Hún var mín fyrsta húsmóðir og ævivinkona

Sumardvöl í Langeyjarnesi og Efri-Langey, Klofningshreppi, Dalasýslu

© 2017 Kristbjörn Egilsson

Kápumynd: Horft heim að Langeyjarnesi að sunnan. Fremst eru fjárhúsin. Fjær eru íbúðarhús, fjóshlaða og gamli bærinn. Klofningsfjall og hreppstjórasetrið Hnúkur í baksýn. Þarna er búið að mála öll húsin og túnhliðið. Einstök snyrtimennska var keppikefli þeirra hjóna Elínar og Jóhannesar. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.

Umbrot María Harðardóttir

Útgefandi Kristbjörn Egilsson, Reykjavík 2017

Prentun Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja 

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO


Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-24-249-5

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	7
UNDIRBÚNINGUR OG FERÐALAGIÐ Í SVEITINA.....	7
VINNUFRAMLAG.....	11
BÚSKAPARHÆTTIR.....	16
KLÆÐNAÐUR.....	17
ÞVOTTAR OG BAÐ.....	19
DÆMIGERÐUR HVERSDAGUR.....	20
HLUNNINDI.....	22
Dúntekja – dúnhreinsun.....	22
Mótekja.....	24
Sel- og hrognkelsaveiðar.....	25
Fuglanytjar.....	26
Hvalreki.....	28
Fjörureki.....	28
Matjurtarækt.....	28
Heimilisiðnaður.....	28
HÚSAKOSTUR.....	29
TÓMSTUNDIR OG SKEMMTAN.....	34
GESTAKOMUR.....	36
FERÐIR AF BÆ.....	37
EFRI-LANGEY.....	39
NÁTTÚRAN ALLT UM KRING.....	41
AÐ LOKUM.....	42
PERSÓNUR OG LEIKENDUR.....	43
VIÐAUKAR.....	45
Langeyja, Klofningshreppi, Dalasýslu. Ljósmyndir teknar á árunum 1958–1978.....	45
Efri-Langey, Klofningshreppi, Dalasýslu. Ljósmyndir teknar á árunum 1960–1978.....	74



Kort af Klofningshreppi og nágrenni. Klippt úr Herföngingjaraðskorti. Blað nr. 24. Fellsströnd N. Mælt 1911 og prentað 1913. Kortasafn Landmælinga Íslands.



Horft niður í Langeyjarnes frá Klofningi. Símalínan fylgir vegslóðanum. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.

INNGANGUR

Það sem hér fer á eftir eru minningar úr sumardvöl minni í Langeyjarnesi á árunum 1958–1961. Árin frá níu til tólf ára aldurs eru sterk í minningunni. Ýmislegt rifjaðist enn fremur upp við skoðun á ljósmyndum sem ég, Logi bróðir minn og Egill faðir okkar tókum á þessum tíma og nokkrum árum seinna. Logi, sem var í Langeyjarnesi þrjú sumur á eftir mér (1962–1965) las allan textann yfir og lagfærði margt og í samræðum milli okkar varð ýmislegt skýrara og vonandi nær sanni. Ég hef leitast við að segja sem réttast frá án þess að ýkja eða draga úr neinu. Hins vegar verður að hafa í huga að textinn er minningar manns sem sá hlutina sínum augum sem ungur drengur og síðan eru liðin næmi sextíu ár. Ég held þó að þetta yfirlit gefi nokkuð rétta heildarmynd af heimilinu, verklaginu og andanum sem ríkti í Langeyjarnesi á þessum árum. Ég var svo lánsamur að ná að kynnst lífi og búskaparhátum sem voru að hverfa á tækniöld. Nytsemin, nægjusemin, lífsbaráttan og lífsviðhorfin voru af allt öðrum heimi en varð á síðari hluta 20. aldarinnar.

UNDIRBÚNINGUR OG FERÐA-LAGIÐ Í SVEITINA

Ég fór fyrst í sveit til vandalausra níu ára gamall, hinn 3. júní 1958, og dvaldi þar fjögur sumur í góðu yfirlæti. Alltaf var farið vestur í lok maí eða byrjun júní og dvaldi ég þar til ágústloka. Bærinn heitir Langeyjarnes í Klofningshreppi í Dalasýslu. Þar bjuggu hjónin Elín Elimundardóttir (Ella), 59 ára, og Jóhannes Þórður Jónsson, 58 ára, með syni sínum, Bergi Jóhannessyni, 29 ára.

Ástæðan fyrir því að ég fór í sveit var sú að mig langaði í sveit. Ekki var mikið um að vera í Reykjavík yfir sumartímann, skólinn var ekki starfræktur frá júní til ágústloka fyrir sjö til níu ára börn og frá og með tíu ára bekk hófst skólinn ekki fyrr en 1. október svo nægur var tíminn. Mér fannst gaman að vera í sumarbústað fjölskyldunnar, en þar hafði maður takmarkaðan aðgang að skepnum. Tíðarandinn var einnig sá að það þótti gott að börn kynntust sveitalífi, lærðu til verka og að umgangast menn og málleysingja. Eldri systir mín, Auður, fór einnig í sveit, norður að Söndum í Miðfirði. Logi



Í skotinu við Laugaveg 58b þegar drengurinn varð 9 ára og átti að leggja af stað með rútunni vestur í Langeyjarveg þrem dögum síðar. Mikil tilhlökkun. Amma Sara þrjónaði vestið sem var grátt með dökkgrænum röndum. Sara Kristjánsdóttir og Kristbjörn Egilsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, 31. maí 1958.

bróðir minn tók við af mér í Langeyjarvesi og var þar þrjú sumur. Guðbjörg systir mín sinnti hins vegar barnapössun hjá ungum hjónum sem áttu nýtt hús, Eik í Mosfellssveit, en þau unnu bæði á Reykjalundi.

Eitt var ég viss um. Mig langaði ekki í sumarþúðir, t.d. Vatnaskóg, eða skátabúðir. Mér leiddust allar hópípróttir og fannst slík dvöl ekki henta mér. Þar að auki var slík vist aldrei meira en vika til hálfur mánuður. Strax á unga aldri var ég sem sagt með ákveðinn vilja og sýn á sumt.

Ef til vill hefur líka þótt ágætt að létta á álaginu heima. Við vorum fjögur systkinin, fædd á fimm árum, og pabbi hafði verið mikið veikur nokkrum árum áður og átti að taka lífinu frekar rólega.

Fyrir dvölinu í Langeyjarvesi hafði ég farið í sumar-dvöl og ferðalög. Sumarið 1955 fór ég með stjúpu pabba, ömmu Söru (Sara D.W. Kristjánsdóttir 1895–1990) norður í Húnavatnssýslu í heimsókn á bæ sem heitir Skarð og hefur það líklega kveikt

áhuga minn á sveitadvöl. Sumarið 1956 vorum við fjögur systkinin með mömmu og pabba, systur pabba og manni hennar og syni í tveim vinnuskúr-um frá Rafveitunni uppi við Elliðavatn, en pabbi og mágur hans unnu þá báðir hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sumarið þar á eftir var fjölskyldan í sumarþústað sem heitir Bjartholt sem faðir minn keypti sama ár og var rétt ofan við Gunnarshólma.

Ég fór í sveit til vandalausra að eigin ósk og með fullu samþykki mínu. Foreldrar mínir eru báðir Reykvíkingar og höfðu engin sérstök tengsl við tiltekna sveitir eða landshluta. Ég er sem sagt hreinræktaður Reykvíkingur því síðan á fyrri hluta níttjándu aldar hefur ætt mín átt heima í Reykjavík. Það að vera Reykvíkingur í húð og hár þýddi að við systkinin vissum t.d. í hvað húsum í Reykjavík foreldrar okkar, afar og ömmur, langafar og lang-ömmur fæddust eða létust. Mér fannst alltaf að flestir sem fjölskyldan kynntist í þá tíð væru utan af landi, öfugt við okkur.

Amma Sara, sem var stjúpa pabba tók að sér



Horft heim að Langeyjarnesi að sunnan. Fremst eru fjárhúsin. Fjær eru íbúðarhús, fjóshlaða og gamli bærinn. Klofningsfjall og hreppstjórasetrið Hnúkur í baksýn. Þarna er búið að mála öll húsin og túnhliðið. Einstök snyrtimennska var keppikefli þeirra hjóna Elínar og Jóhannesar. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.

að finna sveitabæ fyrir drenginn. Hún hafði kynnst stúlku að nafni Agnes Pétursdóttir, sem bjó í Stóru-Tungu á Fellsströnd, en þær höfðu verið stofufélagar á Landakoti árið áður. Hún bað Agnesi að spyrjast fyrir um pláss í Stóru-Tungu eða nágrenni. Þá vildi svo vel til að hjónin í Langeyjarnesi vildu fá strák til að snúast lítillega, eins og að sækja kýrnar, og ég sló til.

Fyrir sveitadvölinu var keypt ferðataska í Geysi í Aðalstræti. Til dvalarinnar var valinn hentugur fatnaður, svo sem gallabuxur, skyrtur, peysur, nærföt og sokkar til skiptanna, ásamt vettlingum og húfu. Skóplögg voru vaðstígvél, gúmmískór (þessir tékknesku með hvíta botninum) og strigaskór sem náðu upp á ökkla, einnig frá Tékkóslóvakíu, og svartir með hvítum botnum og reimum. Þessi fótabúnaður þótti bráðnauðsynlegur í sveitina. Einnig voru í farangrinum sokkahlífar, gerðar úr þunnu leðri. Í þær var farið utan yfir ullarsokkana og síðan farið í gúmmískóna. Þannig slitnuðu sokkamir minna og svo gekk maður í sokkahlífum innandyra og þurfti því enga inniskó. Þar sem ég

var eyrnabólgubarn var ég látinn taka með mér eyrnaskjól til að þurfa ekki að vera með húfu niður fyrir eyru alla daga. Ekki þurfti ég að hafa með mér sæng, kodda, rúmföt og handklæði. Tannbursti og tannkrem var helsta snyrtivaran og lofaði ég mömmu hátíðlega að bursta tennurnar á hverju kvöldi áður en ég færi að sofa. Það loforð efndi ég, þótt fólkinu á bænum þætti þetta skrytinn siður, en það notaði hvorki tannbursta né tannkrem. Einnig var ég með Nivea-krem til að bera á andlitið ef ég sólbrynni. Svo lét ég að sjálfsögðu snoða mig fyrir sumardvölinu, burstaklipping var það sem gildi. Myndavél var með í förinni. Pabbi gaf mér kassavél, sem hann hafði fengið í fermingargjöf. Hún var merkt ljósmyndavörðsluninni Amatör sem var til húsa á Laugavegi 55.

Að morgni 3. júní 1958 lagði ég af stað í sveitina. Farið var með rútu sem fór klukkan átta að morgni frá BSÍ við Kalkofnsveg. Foreldrar mínir fylgdu mér niður eftir. Mig minnir að við færum gangandi, þar sem ekki var til bíll á heimilinu og ekki langt að fara, en við bjuggum á Laugavegi 58b.

Við kvöddumst svo við rútuna og ég lagði einn af stað. Ég man að konan sem sat fyrir framan mig var Margrét Guðmundsdóttir (1903–1988), hús-freyja á bænum Á á Skarðsströnd, og held ég að hún hafi verið beðin um að hafa auga með mér á leiðinni. Ferðin vestur tók tólf tíma. Fyrst var stoppað eftir tvo tíma í Hvalfirði, síðan í Borgar-nesi og Búðardal auk nokkurra annarra staða sem ég kann ekki að nefna, en þá var verið að henda út pósti, pökkum og farþegum. Ég man að ég var ekki bílveikur á leiðinni, en ég hafði hálfkviðið fyrir því, og ekki man ég eftir að ég hefði áhyggjur af öðru hvað varðaði ferðalagið. Um klukkan átta um kvöldið stansaði rútuna svo á Hnúki, en þar var Póst og símstöð. Jóhannes Sigurðsson (1908–1984), hreppstjóri á Hnúki, skutlaði mér síðan niður í Langeyjarnes sem er næsti bær, líklega þrír til fjórir km á milli. Þegar ég kom niður í Lang-ejarnes var mér vel tekið, þó þar væri mikið um

að vera því Elín, nýja húsmóðirin mín, var að sjóða hval í þvottapottinum sem kyntur var með mó. Á þessum árum fór hvalbíl frá Hvalstöðinni í Hval-firði um héruð og seldi bændum hval. Hvalbíllinn hafði farið um daginn áður en ég kom. Ég gleymi aldrei fýlunni af hvalsuðunni, hélt að svona yrði lyktin alltaf í bænum.

Samskiptin við mömmu og pabba voru bréfleiðis. Ég skrifaði tvö til þrjú bréf yfir sumarið og fékk senda pakka með smá sælgæti, stundum ávöxtum, og teiknimyndablöðum, ásamt bréfi.

Aldrei var hringt, enda rándýrt, nema þegar leið að hausti og verið var að skipuleggja ferð til að sækja mig í sveitina, sem var heilmikið ferðalag. Pabbi átti ekki bíl en fékk lánaða bíla hjá vinum sínum. Oftast var það bíll sem Guðmundur Jónas-son rútubílstjóri átti, en þeir voru ævivilinir.

Sæll kæri Kristbjörn minn!

Ég þakka þér fyrir bréfið sem ég fékk á föstudaginn frá þér. Það var voða gaman að lesa um dýrin hann Hjeppa og Blesu, kýrnar og kindurnar. En heyrðu eru engir hestar hjá þér? og ertu búinn að sjá nokkur hreiður? Þú verður að segja mér það í næsta bréfi, sem þú sendir mér. Af okkur er allt gott að frétt. Log sefur voða vel í kójunni þinni. Hann hefur ekki dottið fram úr ennþá. Nú eru komnir ungar hjá þrestinum og þeir eru bara orðnir ansi stórir. Steindepillinn er farinn að skjótast í holuna sína eins og í fyrra, þú mannst. Ég sendi þér myndirnar sem þú tókst áður en þú fórst í sveitina. Þær eru bara ágætir hjá þér. Þú lætur mig vita ef þig vantar filmu? Nú er báturinn kominn á flot en hann lekur svolítið ennþá, en hann þéttist nú bráðum. Mamma þín biður voða vel að heilsa þér og spyr hvort þig vanti nokkuð sem hún þurfi að senda þér. Auður, Guðbjörg og Logi biðja voða vel að heilsa og öfunda þig að fá að mjólka handa henni kisu. Ég læt þetta nægja núna og bið Guð að vera hjá þér.

Vertu svo blessaður og sæll.

Þinn Pabbi.

Bréf sem pabbi sendi mér sumarið 1958, úr sumarbústaðnum okkar.



Elín Elimundardóttir mjólkar Ljómalind utan við túnhliðið í Langeyjarnesi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1960.

VINNUFRAMLAG

Þar sem ég var eina barnið á bænum var ekki um neina verkaskiptingu að ræða. Öll störfin voru jafngild hvað mig varðaði. Hins vegar var verkaskipting milli hjónanna skýr. Jóhannes tók engan þátt í innanhússverkum og fór aldrei í fjósið. Elín vann og stjórnaði öllu innanstokks og vann sum verk utanhúss, tók í hrifu þegar heyannir voru mestar, mjólkaði nær alltaf og tók þátt í dúnhreinsuninni. Hún vann aldrei verk utan heimatúnsins. Bergur gekk hins vegar í flest verk foreldra sinna.

Ég vaknaði venjulega um svipað leyti og annað heimafolk, man ekki til þess að ég væri vakinn, líklega var ég frekar morgunsprækur. Ég get ekki sagt að mér fyndist ég þurfa að vinna mikið, þótti yfirleitt gaman að taka þátt í verkunum með öðru heimilisfólki eftir því sem getan leyfði. Ég minnst þess ekki að hafa þurft að vinna meira en góðu hófi gegndi.

Mitt fyrsta verk var að reka kýrmar á morgnana eftir

mjaltir. Ég þurfti aldrei að sækja þær á morgnana þær voru alltaf við túnhliðið og þar voru þær mjólkaðar nema veður væri mjög vont. Kúahjörðin var ekki stór. Forustukýrin Hryggja gamla og Svört ásamt kvígnum Lukku og Ljómalind, einum veturgömlum tudda og tveim kálfum. Kúareksturinn var alltaf mjög auðveldur því Hryggja gamla, sem stjórnaði hjörðinni, var oftast á leiðinni eða komin heim til að láta mjólka sig á réttum tíma á kvöldin. Eftir að Hryggju var lógað tók Ljómalind við forustunni. Kúasvipa fylgdi kúrekaembættinu. Bergur tálgaði til búið úr hrífuskaftri, skar í hann fangamarkið mitt og á fremri endann var borað gat og í það bundinn reipisspotti. Með svipunni var hægt að gera hvin til að hvetja kýrmar áfram. Einnig var mér kennt að nota skaftið til að ýta á síðuna á kúnum og þá beygðu þær í þá átt sem kúasmalinn vildi. Kýrmar voru aldrei barðar með svipunni, enda voru þær vinkonur mínar og söng ég oft fyrir þær.

Einnig var mér trúað fyrir því ábyrgðarmikla verk efni að þvo skilvinduna á morgnana, en því hafði öðrum krökkum á mínum aldri ekki verið trúað



Kristbjörn Egilsson (11 ára) með Hryggju gömlu í Langeyjarvesi. Ljómálinn var undan Hryggju. Klofningsfjall og Hnúkur í baksýn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.

fyrir og þótti mér það mikill heiður og vandaði mig mjög við uppvaskið. Meðan á uppvaskinu stóð söng ég stundum nýjustu dægurlögin, en textarnir voru oft birtir í Tímanum og lærði ég þá þar. Ég kann þá flesta ennþá. Ég hafði það einnig til siðs að hella smá kaffitári í rjómahólf skilvindunnar og drekka rjómaþand. Stundum fékk ég að skilja mjólkina, en til þess þurfti maður að geta haldið réttum hraða á snúningnum, sem gat verið vandasamt. Smjör var strokkað við og við. Ég fékk að prófa að strokka síðasta sumarið mitt, en það þótti of þungt verk fyrir krakka. Stundum dældi ég vatni úr heimabrunninum í stóra vatnstunnu sem hékk hátt uppi í þvottahúsinu.

Skemmtilegt var þegar kaffibaunir voru brenndar. Þá ilmaði bærinn og síðan var ég stundum látinn mala nýbrenndar baunir í lítill handkvörn, sem gat verið erfitt fyrir litlar hendur. Til að drýgja kaffið var ávallt notaður kaffibætir, svokallað export, hálf tafla í hverja uppáhellingu. Einnig til-

heyrði að sópa eldhúsgólfíð og ganginn út á hlað við og við, en það gerðu Ella og Bergur líka.

Ég hafði eitt hlutverk sem mér finnst í dag allmerkilegt, þó ég færi létt með það. Ég var notaður sem minnisvél, einkum af Ellu. Hún sagði oft: „Kristbjörn minn, minntu mig nú á að brenna kaffibaunir eftir hádegi á morgun“, eða „... að hringja í Lóu systur á laugardaginn“, eða „... sækja saltkjöt eða fisk til útvötnunar seinna í dag“.

Þegar heimalningar voru eða ungir kálfar sá ég um að gefa þeim nýmjólk og eldri kálfum eða vetrungum færði ég stundum kálfsullið, sem var sambland af kaffikorgi, brauðleifum og síldarmjöli með lýsi út á. Stundum gaf ég fjóskettinum mjólk og fisk sem sett var í fjósgluggann. Hvorki hundar né kettir fengu að vera inni í bæ, enda var hlutverk þeirra annað og meira en að vera gæludýr.

Ég gaf hænunum oft, þótti það mjög gaman, og

Langeyjarnes 5/6 59

Kondu nú sæll og blessaður pabbi minn. Það er núna hérna kafald og vonnt veður. Nú eru kollurnar að setjast niður í þessum straumi [stórstraumi]. Krummin er voðalega grimmur núna hann er alltaf að rífa upp æðakollurnar. Það var verið að stækka fjárhúshlöðuna og byggja ní fjárhús. Ég og Bergur vorum að brjóta klappi svo að fjárhúsinn verði bein. Ella fór suður í Búðardal með Sigu og Lóu og Jóhannesi á Hnjúki. Ellu er eitthvað illt ynnvortis og hún fékk eitthvað hvítt meðal. Bergur fór fram í Langey. Hriggja gamla átti hriggjötta kvígu en Búkolli átti rautt naut í vetur. Kíndurnar eru frammi í Langey því að þeir meylla ekki vera að hugsa um þær. Jæja Seppi og öll dínir byðja að heilsa ykkur og sömuleiðis ég. Vertu nú blessaður og sæll. Þinn Kristbjörn.

ES. Ég ætla að biðja þig að senda mér flautuna mína sem er uppi í rauða skáp í forstofunni í horninu, en rútan fer á þriðjudögum eins og í fyrra. Kristbjörn.

Bréf sem ég sendi pabba snemma sumars 1959.

safnaði eggjunum. Stundum var ég látinn hakka þang í gamalli hakkavél sem var á borði utan við gamla bæinn og blanda við það mjöli til að gefa hænunum. Þangið þótti gera eggjarauðuna rauðari. Öll hænuegg voru seld út í Stykkishólm. Heima voru einungis etin æðaregg, krúegg og svartbaksegg. Um sláttinn var ég oft sendur heim í bæ til að sækja drukk fyrir sláttumennina, en það var mysan oft kölluð, sem er afbragðsgóð til að slökkva þorsta ásamt því að vera næringarrík. Ef mysan var búin að standa lengi í kerinu og farin að súrna var hún þynnt með vatni.

Á seinni árum mínum tók ég virkan þátt í dúntekjunni. Ég fór þá með Bergi og tíndi dún í Efri-Langey, einkum þegar farin var hroðaleitin, sem var seinni leitin eftir að allar kollurnar höfðu leitt

út, þ.e. yfirgefið hreiðrið og komið ungunum til sjávar. Jóhannes sá um varpið í Langeyjarnesi en ég fór aldrei með honum í það.

Að lokinni dúntekjunni tóku allir þátt í að breiða dúninn til að þurrka hann. Hann var breiddur á grindur sem strekkt var á vírnet, svokallað tófu-eða refanet, einnig kallað hænsnanet. Síðan var tínt úr honum grófasta ruslið, t.d. þang og grasbrúskar. Það gat ég gert. Lokahreinsunin fór fram í gamla bænum. Þar var dúnninn hitaður í stórum potti (hálfu olúfati) á hlóðum. Mór var notaður sem eldiviður. Við hitunina urðu grasstrá og annað lífrænt efni stökkt og því auðveldara að ná því úr dúninum. Einnig drap hitinn alla óværu sem var í dúninum. Síðan var dúnninn krafsaður á þar til gerðri dúngrind og að lokum voru fjaðrir tíndar



Kristbjörn Egilsson (10. ára) sinnir heimalningum (Blettæti og Tinnu) í Langeyjarnesi. Elín þrjónaði lopapeysuna. Hún var ljósblá með hvítu munstri, ermarnar ísaumaðar, og þæfð. Ljós. Elínborg L. Jónsdóttir, júní 1958.

Langeyjarnes 1959 27/6

Sæl og blessuð manna mín. Éf þakka ykkur fyrir öll bréfin og ég fékk báða pakkana á þriðjudaginn var. Ég skal segja ykkur að kollan er orpin á Jónstanganum og er útleidd. Krían kom í Miðmundarhólma 10 Maí, en ég hef ekki séð örninn á þessum ári nema uppi í fjalli, hann var að fljúga þar. Ég var uppi á Stakkabergi í gær því að Lóa fór í heimsókn en ég var hjá Sigu og ég var að passa túnið. Ella og Jóhannes og Bergur þakka ikkur kjærlega fyrir pakkann og Lauga og Lóa biðja voða vel að heilsa ykkur. Vertu nú blessuð og sæl manna mín ég bið voða vel að heilsa ykkur öllum. Þinn K.E.

Bréf sem ég sendi mömmu sumarið 1959.



Feðgarnir Bergur og Jóhannes slá há í Langeyjarnesi. Fjárhúshlöðupakið ber við himin. Jóhannes klæðist vaðmálsbuxum, þæfðri lopapeysu og er með „hreppstjórakúfu“. Bergur er í vinnuslopp. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1969.

úr honum. Gömul kona, Septemborg Gunnlaugsdóttir, krafsaði hluta af dúninum en annað var sent í vélhreinsun að Skarði á Skarðsströnd. Septa gamla, eins og hún var kölluð, fór á milli bæjanna þar sem dúntekja var og krafsaði fyrir marga á Skarðsströnd og í Saurbæ.

Það sem ég fékk ekki að gera. Mér finnst merkilegt, þegar ég lít til baka, hversu vel var hugsað um öryggi mitt á bænum, þó ég áttaði mig ekki á því þá. Ég fékk aldrei að fara með á minkaveiðar, en þar voru notuð skotvopn, og ég fékk aldrei að skjóta af byssu. Ég fékk ekki að slá með orfi og ljá, nema aðeins að prófa undir eftirliti þegar ég var á tólfta ári. Ég fékk heldur ekki að fara með þegar vitjað var um selanet. Ég fór heldur aldrei einn að sækja vatn í brunninn. Þá var ég aldrei sendur einn út í Efri-Langey, þó að ég rataði leiðina vel, en þangað var hægt að ganga á fjöru. Ástæðan var sú að þegar byrjaði að falla að varð straumurinn í Pokarifi eða Þröskuldunum sterkur og vaðið dýpkaði fljótt. Lundalúsin fylgdi lundatekjinni. Hún var stór og átti það til að grafa sig undir húð

manna og svo gat grafið í sárinu. Mér var sýnd lúsin og ég varaður við þannig að ég væri ekki að koma of nálægt nýveiddum lunda og aldrei var ég látinn reyta lundann.

Ég man að fyrsta sumarið var greitt með mér fullt meðlag, árið eftir hálft meðlag en matvinnungur var ég síðustu tvö árin. Auk þess fékk ég gimbur annað sumarið mitt og hafði tekjur af innleggi fyrir lömbin sem hún átti meðan hún lifði. Ekki má heldur gleyma sendingum suður með smjör og jafnvel æðaregg þegar ferð gafst. Þegar ég fermdist var mér gefin æðardúnsæng úr sérvöldum dún sem safnað var fyrst á vorin þegar kollurnar voru að byrja að verpa. Sængin sú entist í 30 ár og var mér afar kær.

Þegar líða tók á fyrsta sumarið fór ég að hugsa um hvort ég fengi að koma aftur vorið eftir. Svo ég tók á mig rögg og spurði Ellu um það í einrúmi. Svárið var stutt og djúpviturt: „Ef Guð lofar okkur báðum að lifa næsta vor þá er þér velkomið að vera hjá okkur.“



Pessi Ferguson-dráttarvél kom í Langeyjar 1961. Hún var keypt af Ólafi Kristjánssyni á Melum þegar hann brá búi. Bergur Jóhannesson við stýrið. Ljós. Kristbjörn Egilsson, júlí 1961.

BÚSKAPARHÆTTIR

Búskaparhættir voru að mestu leyti eins og þeir voru stundaðir á 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar.

Heimatúnið var lítið og mishæðótt. Búið var að slétta það mest allt, en skákirnar voru fremur litlar og sumar varla véltækar. Allar skákirnar höfðu sitt nafn. Dæmi: Hlaðvarpinn, Sjónarhóll, Hesthús-bali og Fjárhúsflöt. Hluti túnsins var í lægðum þar sem hafði verið mýri og var hún ræst fram með handgröfnum skurðum, sem bæði voru mjóir og grunnir, en dugðu þó. Snemmsumars skartaði hófsóleyin gulum blómum í sumum skurðanna, en hvítur kollur klóffunnar gladdi augað í ágúst.

Á vorin, oftast áður en ég kom vestur, var borinn kúaskítur og stundum sauðatað á hluta túnsins, einkum harðbala, t.d. við Bæjarhólinn. Ég man að eitt vorið sáum við Elín um að raka skítinn af túninu, eftir að það hafði verið slóðadregið. Ekki þótti gott að láta skít blandast við heyið.

Þetta var kalt vor og við kappklædd við verkið, en karlarnir voru að veiða mink og nutu aðstoðar hundsins Hjeppa.

Fyrsta sumarið mitt var engin dráttarvél á bænum. Þá fékk Jóhannes Gest á Ormsstöðum eða Ólaf Kristjánsson, bónda á Melum, sem var næsti bær, til að slá það sem véltækt var af túninu. Annað var slegið með orfi. Ólafur á Melum, en hann var mágur Elínar, brá búi haustið 1961 og þá keypti Jóhannes grúa Fergusoninn af honum og dráttavélaöldin hóf innreið sína í Langeyjar. Bergur sá alveg um traktorinn. Jóhannes kom aldrei nálægt honum. Jóhannes bar hins vegar ábyrgð á ljósavélinni og mátti enginn annar þar nálægt koma. Ljósavélarskúrin var ávallt læstur og geymdi húsbóndinn lykilinn.

Jóhannes sló með orfi mest af heimatúninu sem ekki var véltækt, en Bergur sló allt túnið í Efri-Langey einn, með orfi, enda ekki hægt að koma dráttarvél út í eyjuna. Fyrsti sláttur var alltaf á



Flekkur rifjaður framan við gamla bæinn í Langeyjarnesi. Frá vinstri Kristbjörn Egilsson, Sara Kristjánsdóttir, Ingigerður Jónsdóttir, Logi Egilsson og Jóhannes Jónsson bóndi. Spýtt selskinn er á bæjarþili. Gamalt refabúr er við bæjarvegginn t.h. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1969.

flötinni milli bæjarhlaðsins og sjávar. Reynt var að byrja slátt þegar von var á þurrki og ég held að reynt hafi verið að byrja hann á laugardegi til lukku.

Síðan var nýslegnu grasinu dreift úr sláttumúgunum og búnir til flekkir. Töðunni var síðan snúið og flekkurinn rifjaður með hrífum. Þurrt heyið var síðan tekið saman. Það var saxað í fang og borið upp í litla galta. Hæra úr striga, eða gömlum strigapokum, var sett á topp galtanna. Í horn hærunnar var bundið snæri og á festir steinar til að koma í veg fyrir að hæran fyki. Galtarnir voru látnir standa nokkum tíma á túninu, til að síga og þéttast, en þegar færi gafst var kaðall lagður kringum galtann og dráttarvél dró hann heim í fjóshlöðu.

Heyið úr Efri-Langey var bundið í sátur. Notuð voru hefðbundin reipi, annaðhvort úr kaðli eða hrosshárum, ásamt töglum og högldum. Síðsumars voru sáturnar fluttar heim með bátum

og heyið sett í fjárhúshlöðuna, en fjárhúsin voru nálægt lendingunni.

Oft var há slegin á hluta heimatúnsins eftir miðjan ágúst. Þá var stundum farið og slegið brok (klóffía) og gulstör í Grafarflóa. Útheyið var sett ofan á góðu töðuna í fjóshlöðunni til hlífðar.

KLÆÐNAÐUR

Karlarnir voru ávallt í ullarnærfötum, hálfarmabol og síðum nærbuxum. Bergur notaði stundum á sumrin ullarnærbuxur sem náðu niður á hné. Jóhannes klæddist mórauðum vaðmálsbuxum eða víðum gallabuxum dagsdaglega. Bergur var yfirleitt í gallabuxum eða brúnum vinnubuxum úr bómull.

Jóhannes var alltaf í kragalausri skyrtu, hvítri eða röndótttri, yfir ullaþolnum og utan yfir henni var hann í vesti með tveim vösum að framan. Í öðrum



Jóhannes Jónsson bóndi leggur í flekk í heimatúninu í Langeyjarnesi. Klofningsfjall í baksýn og Hnúksbærinn. Ljós-
m. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1969.

vasanum var vasaúr en í hinum tóbaksdósir úr silfri, gjöf frá sveitungum á stórafmæli, og tannstöngull úr tálguðum áltafjöðurstaf eða fuglsbeini.

Utan yfir vestið kom svo þæfð lopapeysa, yfirleitt mórauð, þröng niður með ísaumuðum ermum. Þetta var sem sagt lopapeysan eins og hún tíðkaðist þarna til sveita áður en einhverjir fundu upp á þessum árum „nýtískulopapeysu“ sem var óþæfð, með miklu munstri og allvíð. Einnig voru karlamir í vélprjónuðum peysum frá Gefjun og Álafossi.

Jóhannes gekk oft í bláum gallajakka sem náði niður á læri. Þess konar jakkar voru keyptir í Kaupfélaginu eða hjá Sigurði Ágústssyni í Stykkishólmi. Jóhannes bar ávallt kaskeiti með hörðu glansandi deri (hreppstjóraráhúfu) en Bergur gekk með venjulega derhúfu.

Ullarvettlingar voru þæfðir, með tveim þumlum og heimaprjónaðir. Hið sama var með sokkana. Liturinn var yfirleitt sauðsvartur eða mórauður.

Gúmmískór voru brúkaðir daglega, bæði þessir hvítbotnuðu frá Tékkóslóvakíu og svartir skór sem búnir voru til úr bíslöngum og voru seldir í búðum. Gúmmístígvél voru einnig notuð í mestu bleytum.

Jóhannes tók í nefið, en aðeins vinstri nösina. Því var rauður eða blár tóbaksklútur ávallt í vasa húsbóndans. Stundum, þegar mikið lá við, snýtti hann sér með fingrunum og þurrkaði tóbakið í aðra buxnaskálmína, en það var ekki vel liðið af húsfreyju. Oft kvartaði hún um að hjónarúmið væri allt fullt af tóbakskornum. Gæti verið að húsbóndinn hafi stundum tekið í nefið á nóttunni sér til hressingar eða betri svefnis.

Ella, sem mest vann inni, var oft í þunnum kjól eða slopp og léttum skóm, sem mig minnir að hún hafi stundum saumað úr segldúk, og líktust þeir sauðskinnsskóm. Hún hafði hárið í fléttum og gekk með gleraugu, var nærsýn. Gleraugun voru oft skökk á nefi húsmóðurinnar. Ég man hvað mér



Elín Elimundardóttir í sínu finasta þússi á bæjarhólnum í Langeyjarnesi. Gamli bærinn í baksýn. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1959.

þótti skrítið að þegar Ella las tók hún af sér gleraugun, öfugt við það sem amma mín gerði, sem var fjarsýn. Ella klæddist sérstökum utanyfirflíkum þegar hún fór í fjósið; mjaltapílsi og mjaltatrejju, og bar skuplu.

Spariföt voru sjaldan notuð, en Ella hafði komið sér upp ágætum íslenskum búningi og feðgarnir áttu jakkaföt.

ÞVOTTAR OG BAÐ

Í Langeyjarnesi var enginn bæjarlækur, einungis brunnur. Því var oft lítið um vatn og það sparað eins og kostur var. Líklega var þvegið af rúnum á 5–6 vikna fresti. Kynt var undir þvottapottinum með mó, spýtum og kolum, notuð heimagerð sápa, eða þvottaefni og þvottabretti. Erfitt verk

var að skola þvottinn og síðan vinda stór ver og lök með lítilli handvindu. Eins gott að góður þurrkur væri með sól og vindi. Nokkrum árum seinna var lítil þvottavél komin í bæinn.

Ekkert baðkar var á bænum en ágætis emalerað vaskafat. Stórþrifakvöld var venjulega fjórða hvern laugardag. Ella hitaði þá vatn á eldavélinni og vaskafatið var fyllt og borið upp í herbergi þar sem drengurinn fékk að þvo sér í einrúmi frá toppi til táar með þvottapoka. Notuð var tólgarsápa sem Ella gerði. Farið var í hrein nærföt og áður en farið var í nærbolinn var venjan að signa sig, en það gerði mamma alltaf þegar hún hafði baðað okkur heima á Laugavegi. Eins gott var að framkvæma signinguna rétt. Hægri höndin sett upp að enni og þulið „Í nafni guðs föður“, þá var ýtt á magann og sagt „Guðs sonar“, síðan var höndin færð upp að hægri geirvörtu



Jóhannes Jónsson brýnir vasahnif framán við Hvíta húsið í Efri-Langey. Minkahundurinn Kolli stendur í dyr-um. Takið eftir þverskornu flotholti úr dli, sem notað var sem drykkjarmál fyrir hundinn. Ljós. Egill Kristbjörns-son, ágúst 1965.

með orðunum „og heilags anda“ og að lokum var höndin færð í hjartastað með „Ameninu“. Þá var hárvotturinn eftir, en Ella sá um hann, í eldhúsinu. Í hárið var notuð grænsápa og dugði vel. Svo var maður mikið feginn að þurfa ekki að fara í bað aftur fyrr en eftir fjórar vikur.

DÆMIGERÐUR HVERSDAGUR

Upp úr klukkan átta var yfirleitt farið á fætur. Jóhannes fór oftast fyrstur út og opnaði bæinn. Hann var alltaf ólæstur en útidyrhurð og milli-hurð var ávallt lokað fyrir nóttina. Jóhannes signdi sig á bæjarhellunni og gekk svo út á Sjónarhól,

spáði í veður, tók í nefið og pissaði. Við tíndumst svo niður eftir því sem hverjum líkaði, en ég man ekki eftir að ég hafi verið vakinn sérstaklega. Hver og einn fór niður með sinn hlandkopp, skvetti úr honum á hólninn vestan við bæinn og setti inn í þvottahús nýskolaðan og tilbúinn fyrir næstu nótt.

Fyrsta verkið var að fylgja Ellu út fyrir túnhlið þar sem kýmar stóðu oftast og biðu eftir að verða mjólkaðar. Á meðan Ella mjólkaði Hryggju gömlu og Svört sá ég um að gefa kálfunum sullið. Eftir mjaltir rak ég þær vestur með túninu, úr náthaganum á Rifinu og út á nesið. Það tók ekki langan tíma en erfiðast var að opna og loka hliðinu.



Elín Elimundardóttir mjólkar Ljómalind utan við túnhliðið í Langeyjarnesi. Kýrin gæðir sér á fôðurbæti. Elín klæðist sérstökum utanyfirflíkum við mjaltimar: mjaltapíls og mjaltatreyju, og ber skuplu. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.

Eftir mjaltir var morgunmat. Ég borðað alltaf hafragraut með spenvolgri nýmjólk, en ég hafði sérstaka mjólkurkönnu til umráða. Hafragrauturinn var eldaður í stórum potti til nokkurra daga í senn og mest notaður í skyrhræring. Skyrið var heimagert og allt öðruvísi að bragði og áferð en nú. Alltaf var hellt upp á könnuna á morgnana. Síðan tóku við ýmis verk eftir því hvernig á stóð. Mikilvægt var að einhver hlustaði á veðrið klukkan tíu tíu í blessuðu Ríkisútvarpinu.

Hádegismaturinn var yfirleitt um klukkan 12, eftir því hvernig stóð á verkum og hve margir voru heima við bæ. Eftir matinn hallaði mannskapurinn sér og síðan var haldið áfram í verkunum.

Síðdegiskaffi var um kl. 16 og þá var stundum heimabakað hveitibrauð fyrir þá sem vildu og sætt bakkelsi, oft kleinur, ferkantað mjólkurkex og kremkex.

Kvöldmaturinn var aldrei á réttum tíma, eins og sagt var. Það fór eftir hvernig stóð á verkum. Hann gat dregist langt fram á kvöld og þá um leið kvöldmjaltimar. Alltaf var mjólkað eftir kvöldmatinn og gat það dregist allt til klukkan tíu ef mikið at var í heyskapnum.

Eftir mjaltimar fékk ég fulla könnu af spenvolgri mjólk. Svo var farið að huga að svefni. Ég þvoði mér ávallt um hendur og andlit. Var látinn hafa



Kristbjörn Egilsson (9. ára) með fjósköttinn framan við fjósið í Langeyjamesi. Nautkálfur undan Lukku. Gúmmískór, Wrangler-gallabuxur og eyrnaskjól, enda drengurinn eyrnabólubarn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1958.

sérstakt handklæði. Svo burstaði ég tennumar eins og ég hafði lokað mömmu áður en ég fór í sveitina. Bergur dreifði oftast koppunum upp á svefnloftið og hver og einn tók sinn kopp og setti undir sitt rúm. Kopparnir voru emaleraðir og af ýmsum gerðum, þannig að hver þekkti sitt ílát.

Ég svaf í gamaldags trérúmi. Undir rúminu var ferðataskan mín með fötum, myndavélinni o.fl. Í rúmbotninum var undirsæng úr fiðri, afar mjúk, stór fiðurkodd og lítill æðardúnssvæfill. Sængin var líka fiðursæng. Æðardúnninn var of dýrmætur til að nota hann í sængur heimafólks. Þegar í rúmið kom var mikið spjallað. Baðstofan var tvískipt og dymar á milli ávallt opnar. Svo sagði einhver góða nótt og ég fór með Guðsorð í huganum og signdi mig. Byrjaði á „Ó Jesú bróðir besti“ og endaði á „Guð gaf mér eyra“ og faðirvorinu. Svo bað ég fyrir fólkinu mínu heima í Reykjavík og man sér-

staklega að ég bað alltaf fyrir Guðbjörgu ömmu sem var á Elliheimilinu Grund og hafði lærbrotnað sumarið 1959. Oft var ég nú sofnaður áður en hið helga orð kláraðist, ágætis svefnmeðal.

HLUNNINDI

Dúntekja – dúnhreinsun

Á vorin fór mikill tími í að hugsa um æðarfuglinn. Fylgjast þurfti með kollunum þegar þær settust upp og fundu sér hreiðurstæði. Vakta þurfti varpið fyrir mink og ránfugli, aðallega hrafn, svartbak, kjóa og stundum örmum. Síðan var eggjataka, fyrri dúntekja og loks hroðaleitin sem farin var þegar kollurnar höfðu yfirgefið hreiðrin og farið með ungana til sjávar. Mikilvægt var að ná dúninum áður en hann hrektist fyrir regni og vindum. Síðan tók við þurrkun, úrtínsla, hitun og loks

dúnkrafsturinn. Gott verð fékkst oft fyrir dúninn þannig að hvert hreiður með góðum dún skipti miklu máli. Jóhannes og Bergur skráðu nákvæmlega fjölda æðarkolluhreiðra í löndum sínum og flokkuðu eftir svæðum.

Á vorin, fyrst eftir að ég kom í sveitina, fékk ég oft rauða bletti um úlnliði og ökkla og stundum einnig á kviðinn. Þegar ég kvartaði um kláðann var mér sagt að það væri vegna matarbreytingarinnar þar sem ég fengi annars konar mat í sveitinni en Reykjavíkinni og lét ég það gott heita. Löngu seinna áttaði ég mig á því að kláðinn stafaði af dúnflónni, sem náði að skriða inn á mig þegar ég var að vitja um kollunar eða að tína úr dúninum. Þessi flóabít hættu strax og varptíma æðarfuglsins var lokið. Líklega hefur ekki þótt vænlegt að barnið skrifað heim og segði frá því að það væri flóabitið.

Farið var að líða á júlí og einn daginn segir Ella eftir stutt símtal. „Hún Septa kemur um helgina. Eins gott að herða sig við að hita dúninn.“ Ég varð eitt spurningarmerki, en svo var mér tjáð að Septa kæmi árlega til að leggja lokahönd á dúnhreinsunina. Hún ynni þetta vandasama verk best af öllum og væri eftirsótt. Færi á milli bæja og hreinsaði dún síðla sumars. Líklega kæmi hún með bíl innan af Skarðsströnd. Og svo kom Septa, ógleymanleg.

Septa hét fullu nafni Septemborg Gunnlaugsdóttir. Mér fannst hún afar gömul, enda 76 ára, en samt var hún létt á fæti, grönn með gráar fléttur, góðleg til augnanna, en all sérstök í tali og atferli, allt öðruvísi en aðrir sem ég hafði hitt þó ég geti ekki skilgreint það nánar.

Hún vaknaði snemma, fór út í gamla bæ og byrjaði að krafsa. Vinnudagurinn var alltaf langur, en hún réð vinnutíma sínum sjálf. Sat við frá kl. 7 að morgni til kl. 9 að kveldi við dúngrindina. En hún hélt hvíldardaginn heilagan.

Í hádeginu var ég sendur til að segja Septu að koma í matinn. Hún brá sér þá í víða, síða kápu og hnepti upp í hals og setti á sig skuplu. Þetta



Septemborg Gunnlaugsdóttir. Samkvæmt Ágústi Ó. Georgssyni dóttursyni Septemborgar er hún líklega um fimmtugt þegar myndin er tekin. Ljómýndari og ártal ókunnugt.

gerði hún til að bera ekki dúnryk og fjaðrir inn í bæinn. Kápan var komin til ára sinna, allblettótt og með matarklístri.

Borðhaldið með Septu var eftirminnilegt. Ég sat við borðsendann í eldhúsinu og Septa mér til hægri handar. Þegar máltíðin hófst tók hún út úr sér efri tanngóminn og skellti honum á borðshornið milli okkar. Góminn gat hún ekki notað til að tryggja með, þar sem hann var svo stór að tennumar sporðreistust ef hún reyndi að tryggja með þeim. Ég var hissa í fyrstu, en svo var þetta skýrt út fyrir mér og fannst mér þetta þá ekkert tiltökumál.

Eftir matinn fékk hún sér hádegisblund, eins og hitt fullorðna fólk gerði oft, skundaði síðan út og hélt áfram við krafsturinn. Seinni partinn fór Ella oft út í gamla bæ, vakti upp eldinn í hlóðunum og tók til við að hita dún en Septa sat við dúngrindina og krafsaði. Rökkur var í bænum, enda glugginn lítill. Skröfuðu þær saman, stundum í hálfum hljóðum, oft var notaleg þögn og stundum dottuðu



Tregasteinn neðan við bæinn í Langeyjamasi. Logi Egilsson og Guðbjörg Egilsdóttir sitja á þessum sögufræga steini. Umhverfis steinninn er stórgrýtt grasflöt, kölluð Tregabeð. Hún var aldrei slegin. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.

Þær báðar yfir verkunum og ég strákurinn var að sniglast í kring horfandi í glóðina og að bæta mó á eldinn. Vandvirknin var í hávegum höfð. Hvorki grasstrá né fjöður mátti sjást í dúninum. Besta dúninn var hægt að teygja og láta hanga saman frá gólfi og allt upp í brjósthæð.

Forn var Septa í hugsun og dálítið hjátrúarfull, enda barn síns tíma. Sem dæmi má taka að í gamla bænum var notaður hrafnsvængur til að sópa upp kuski af gólfinu. Út úr bænum skyldi vængurinn strax því mikil ógæfa, sem ég vissi aldrei hver var, fylgdi hrafnsfjöðrum innandyrna. Svartbaksvængur var hins vegar vel nothæfur að hennar mati.

Fyrir nóttina fékk Septa alltaf volgt vatn í vaskafat og þreif vandlega andlit og hendur af dúnryki dagsins, rakti fléttur, greiddi hárið og fléttaði aftur. Gaf sér góðan tíma í snyrtinguna. Allt var þetta gert fyrir opnum tjöldum við eldhúsborðið, enda ekkert sérstakt baðherbergi í bænum. Þá voru fölsku tennurnar hreinsaðar, fóðraðar með

bómull og að lokum tók Septa fram litla flösku með joði og tók inn eina teskeið af vökvanum, til varnar sóttkveikjum í dúnrykinu, eins og hún sagði sjálf.

Eitthvað hlýtur að hafa verið í fari þessarar konu sem gerir hana mér svo minnisstæða. Kannski var það aldurinn og þungi lífsreynslunnar, sem er önnur saga.

Mótekja

Annað sumarið mitt í sveitinni, árið 1959, var einn góðan júlídag haldið út í flóa sem heitir Grafarflói og er skammt utan við bæinn. Nú átti að skera mó, en hann var notaður undir þvottapottinn, til að hita dúninn og til að reykja með kjöt. Mór var skorinn á nokkurra ára fresti. Þeir feðgar skiptust á um að skera móinn og henda honum upp úr mógröfinni. Rennblautum mókögglunum var dreift á melkoll skammt þar frá og mesta vatnið látið renna úr þeim. Síðan var kögglunum hlaðið upp í móhrauk, þannig að vel loftaði á milli kögglanna. Mórinn var síðan látinn standa í hraukunum



Lent í voginum neðan við Langeyjarnes á fjöru. Alltaf var hægt að lenda bát þarna eða handan við Réttartanga, aftar á myndinni, þó stórstraumsfjara væri. Bergur Jóhannesson og Ragnar Hannesson. Bátinn átti Ragnar. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.

fram á haust, eða þar til hann var orðinn þurr. Þá var hann settur á hestakerru og fluttur heim og geymdur í framherberginu í gamla bænum. Svo erfið þótti mótekjan að ég var sendur út í flóa með tvær flöskur af Egils-maltöli til að gleðja feðgana. Þetta var eina skiptið sem ég man eftir að malt væri drukkið á bænum, eflaust meira drukkið um hátíðir, svo sem á jólum. Drengurinn og húsmóðirin fengu ekki hinn dýra drykk maltölið, enda ekki í púlsvinnunni.

Sel- og hrognkelsaveiðar

Í Langeyjarnesi voru nokkur sker þar sem landselturur kæptu á vorin. Einnig voru nokkur sker sem tilheyrðu Efri-Langey þar sem kópa var að fá. Þegar leið að því að kóparnir færu að synda voru lögð net nálægt skerjunum og kóparnir veiddir í þau, þ.e. þeir drukkuðu í netunum. Allt var reynt til að koma í veg fyrir að urtur lentu í netunum. Selveiðin var aldrei mikil, innan við tíu kópar. Selurinn var blóðgaður um leið og hann var

tekinn úr netinu og þegar heim kom var skinnið flegið af búknum, spikið skafið af skinninu og það þvegið eftir kúnstarinnar reglum. Jóhannes sá alveg um skinnaverkunina og vandaði sig mikið, enda mikilvægt að hvert skinn fengi fyrsta flokks mat. Síðan var skinnið spýtt, þ.e. strekkt og neglt á tréfleka eða gamla hurð, og oft á bæjarpilið á gamla bænum. Þar var það látið þorna og sól-bakast áður en það var selt.

Selshreifarnir, dindlarnir og hausarnir voru sviðnir, soðnir og etnir, annaðhvort nýir eða súrsaðir, og voru herramannsmatur. Framhreifarnir voru reyndar sá hluti selsins sem mér þótti bestur. Kjötið var etið bæði nýtt og líka saltað til að neyta að vetrinum. Spikið var einnig nýtt að hluta til. Jóhannes var mikið fyrir selspik og át það með selkjötinu.

Selkjötið er mjög dökkt á litinn, enda kjöt af drukknæðri skepnu. Það var soðið í stórum potti,

Langey James 15/8 1959

Kondu nú sæll og blessaður Pabbi minn héðan er allt gott að fréttu við erum öll frísk. Hérna er alltaf vont veður. Ég og Ragnar tengdasonur hennar Ellu við fórum á bátnum hans og við tókum 28 sátur. Jóhannes og Bergur voru að binda frammi í Langey og komu með okkur heim. Við fengum hundágjafir. Við Bergur vorum uppi á heyhlassinu en Jóhannes stýrði en Ragnar keyrði. Pabbi ég bið þig að skila þakklæti fyrir það sem hún [mamma] sendi mér. En heyrðu pabbi ætlar þú að sækja mig í haust ég bið þig að skrifa það næsta þegar þú skrifar næst. Nú er Septa komin hún er nú úti í gamla bæ en Bergur er að hita [dúnninn] Nú er stóri boli minn dúnninn. Hann var deiddur í vor eftir að ég kom hann var orðin eins stór og Ljómalind. Það er nó vatn hérna núna báðir brunnamir hérna fullir. Nú hef ég ekki meira að segja, ég bið að heilsa Kæju, Jonna og Gunnari og ömmu og öllum heima.

Vertu nú blessaður og sæll
Kristbjörn

Bréf sem ég sendi pabba síðsumars 1959.

stundum inni í eldhúsi og stundum úti á gamalli Sóló-eldavél sem stóð vestan undir gamla bænum. Ástæðan var sú að mikla fýlu lagði af suðunni og ágætt var að vera laus við hana úr bænum. Kjötið var borðað með kartöflum og sumir settu hamsatólg út á það, eða hangikjötstólg. Mér þótti og þykir enn selkjöt vont, en ég vandist því, þannig að ég gat borðað það vandræðalaust.

Stundum slæddust hrognkelsi í selanetin. Rauðmaginn var étinn nýr, en grásleppan hengd upp og látin síga. Stundum voru lögð út sérstök hrognkelsanet en sú veiði var yfirleitt afstaðin þegar ég kom vestur.

Fuglanytjar

Æðarfuglinn skipti mjög miklu máli í afkomu

fólksins og dúnninn var góð tekjulind. Vinnan við varpið var líka mikil. Fyrst á vorin, meðan fuglinn var að setjast upp, var mikilvægt að ganga um varpið. Þá var eggjum safnað, einu til tveim úr hverju hreiðri. Egginn í hreiðrunum voru skyggð, sem kallað var, og eingöngu tekin egg sem ekki voru unguð. Á sama tíma var oft tekið smávegis af dúni. Þetta þótti besti dúnninn, enda kolla nýbúin að reyta hann af sér og hann ekkert hrakinn af regni. Meðan á varpinu stóð þurfti líka að vakta það og verja fyrir afráni. Helstu óvinirnir voru svartbakur, hrafn, kjói, minkur og stundum örn. Tófur voru sjaldgæfar. Arnarvarp var oftast í hólma í Efri-Langey. Þegar örn flaug yfir varpið hröktust margar kollur af hreiðrunum, en aldrei var talað um að mikið tjón yrði á varpinu vegna arnarins í Langey Jamesi. Þegar kollurnar höfðu



Bergur Jóhannesson hugar að bát sínum í vörinni neðan við Langeyjarnesbæinn. Logi Egilsson og Kolli fylgjast með. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.

leitt út og voru farnar með ungana til sjávar hófst hroðaleitin. Þá var gengið skipulega um alla landareignina, nes, hólma, flögur og sker, og allur dúnn tekinn úr hreiðrunum og borinn heim í strigapoka. Miklu skipti að þurrt og kyrt veður væri á þessum tíma til að sem mest af dúninum næðist.

Svarbakurinn var illa séður. Öll egg voru tekin úr svartbakshreiðrum og þau borðuð. Ef hreiðrin fundust eftir að eggin voru unguð var steipt undan fuglinum. Svartbaksungar sem komust á legg voru étnir. Á þessum tíma tíðkaðist líka að eitra fyrir máfi, kjóa og hrafni. Þá var eitur (svefnlyf) sett í æðaregg og þeim komið fyrir á áberandi stað til að egna fyrir fuglinum. Árangur var all-

nokkur. Dauðir hrafnar og svartbakar voru einnig stjaksettir á áberandi staði til að fæla aðra ránfugla frá varpinu. Kjóinn var líka illa þokkaður í varpinu og honum engin miskunn sýnd.

Kríuvarpið var líka nýtt, en mjög sparlega. Fáein egg voru tekin fyrst eftir að varp hófst, svona til að fá tilbreytingu í eggjaáttinu. Krían var góður varnarfugl fyrir æðarvarpið og því öllum kær.

Lómar urpu við nokkrar tjarnir. Þegar parið kom upp tveim ungum var annar unginn stundum tekinn og étinn.

Þegar líða tók á ágústmánuð var farið að huga að

teistunni, en hún verpti víða í lágum klettaurðum við sjóinn. Lundinn verpti hins vegar í grasgefnum hólum. Teistu- og lundakofurnar voru krakaðar út úr urðinni með spýtu þar sem grófur öngull hafði verið festur við endann. Úr teistukofunum, sem voru mjög feitar, var soðin kofusúpa. Kofusúpan var þykk og blönduð með haframjöli. Sams konar súpa var einnig soðin úr lundakofu. Kjöt kofunnar var mjúkt og fór vel í maga. Einnig voru veiddir fullorðnir lundar og þóttu mér þeir bestir. Fullorðin teista var aldrei veidd. Skarfur var einnig nýttur eins og kostur var og þótti herramannsmatur.

Hvalreki

Haustið 1958, eftir að ég fór úr sveitinni, rak tvo hvali á land í svokölluðum Fúlavogi sem er skammt vestan við fjárhúsin í Langeyjarnesi. Mér var sagt að sveitungarnir hefðu margir komið niður í Langeyjarnes og náð sér í vænan bita af hvalkjöti og rengi. Sumarið eftir voru hvalhausarnir og ýmislegt annað af hræinu enn í fjörunni og rotnaði þar, maðkaflugunum til ómældrar ánægju, og lyktin var ill. Það kom sem sagt stöku sinnum fyrir að hval rak að landi í Langeyjarnesi. Ég vissi samt aldrei hvaða tegund þetta var. Alltaf var bara talað um hvalinn og hann ekki nafngreindur nánar.

Til viðbótar set ég hér sögu af hvalveiðum utan við Langeyjarnes, sem ég heyrði í Langeyjarnesi, en hana staðfesti og lagfærði Ólafur Kristjánsson, bóndi á Melum í Klofningshreppi til ársins 1961, í símtali hinn 14. september 1998. Hvalir voru oft á sveimi utan við Langeyjarnar, Langeyjarnes og Mela en komu ekki mjög nærri. Undantekning á þessu er fimm hvala vaða sem Ólafur kallar höfrunga eða háhyrninga. Þeir voru lengi á sveimi nálægt landi. Þá fóru bændur að huga að því hvort ekki væri hægt að nýta skepnurnar. Lið landeigenda kom á staðinn, Sigurður Sveinbjörnsson í Efri-Langey, Ólafur Kristjánsson á Melum, Jóhannes Jónsson og Bergur Jóhannesson í Langeyjarnesi og Kjartan Eggertsson í Fremri-Langey. Notaðir voru þrír bátar. Reynt var að keyra bátinn upp að hvölnum og stinga þá með ljáum sem festir voru á stangir. Sigurði í Efri-Langey tókst að stinga gegnum einn hvalinn en hinir sluppu. Gert var að hvalnum á Hjallanestanga í landi

Langeyjarness og gerðu menn sér gott af kjötinu, en lítið var af spiki. Ólafur man ekki ártalið, en líklega gerðist þetta á árunum 1950–1953.

Fjörureki

Bergur hafði mjög gaman af því að ganga fjörunar og leita að reka. Verðmætasti rekinn var líklega flotholt, netakúlur og netabelgir, sem höfðu losnað af veiðarfærum báta sem voru við veiðar í Breiðafirði. Einnig rak stundum staura og timbur sem hægt var að nýta t.d. sem girðingarstaura.

Matjurtarækt

Neðan við bæinn, mitt á milli íbúðarhúss og fjárhúsa, var afgirtur kartöflugarður. Í hann voru settar niður kartöflur á hverju vori, bæði rauðar íslenskar og gullauga. Þar að auki voru þar kraftmiklir rabarbarahnausar og stundum var reynt að sá til gulrófna. Uppskeran af kartöflum var yfirleitt nægjanleg fyrir heimilið allt árið. Kartöflurnar voru geymdar í gamla bænum í kössum við hliðina á mónum. Rabarbaragraudur var etinn meira og minna allt sumarið, bæði volgur og kaldur. Oft var notaður rjómi eða rjómabland út á grautinn. Rabarbarasulta var einnig gerð og höfð með pönnukökum og rjóma. Sultan var einnig notuð í lagtertur, sem gestum var boðið upp á.

Heimilisiðnaður

Á bænum voru til öll verkfæri til ullarvinnslu: kambar, halasnælda og rokkur. Sokkar, vettlingar og peysur voru þrjúnuð eins og þörf var á. Þegar föt slitnuðu gerði Ella við flíkurnar, saumaði batur á haganlegan hátt og stoppaði í sokkaplögg. Tvær handsnúnar saumavélar voru á bænum, önnur eldgömul sem móðir Ellu hafði átt en hin nýleg.

Fyrsta sumarið mitt í Langeyjarnesi hjálpuðust Elín og Bergur að við að sauma íslenska fánann og var honum flaggað 17. júní. Einnig saumuðu mæðginin tjald úr segldúk, áþekkt Geysistjöldunum sem vegagerðarmenn notuðu. Súlur voru úr tré og kósar þar sem við átti. Einnig smíðaði Bergur eldhúsbörð, kolla og nokkra dívana bundna upp með gormum. Þessi húsgögn voru notuð í Hvíta húsinu í Efri-Langey. Afbragðs verkunnátta og handlagni einkenndi allt sem þau gerðu.



Gamli bærinn í Langeyjarnesi, framhliðin sem snýr að heimavoginum. Klofningsfjall í baksýn. Framhluti vinstra húss var hænsnakofi með „íslenskum hænum“. Húsið til hægri var áður íbúðarhús, en þarna notað sem skemma, m.a. fyrir saltkjöt, kartöflur og aktygi. Þar var einnig hreinsaður æðardúnn, þurrhitaður yfir mó í hálfu olúfati á hlóðum og síðan krafsaður. Sunnan undir bænum má sjá leifar af refabúri og á hlaðinu er hestakerra sem var m.a. notuð til að flytja heim mó úr Grafarflóa utar á nesinu. Kerran kann að hafa verið ættuð frá Torfa í Ólafsdal. Á bæjarpílinu er spýtt landselsskinn. Vinstra megin á myndinni sér í fjóshlöðuna og hesthúsið. Ljós. Logi Egilsson, júní 1964.

HÚSAKOSTUR

Í Langeyjarnesi var steinhús, sem ég held að hafi verið byggt um 1934–1935. Húsið var tvílyft, líklega um 50 m² hvor hæð. Þar sem hér er fjallað um staðsetningu húsa og afstöðu þeirra innbyrðis hvað áttir varðar skal bent á að matið á áttunum þarf ekki ávallt að vera kórrétt heldur er þetta fremur tilfinning mín fyrir áttunum.

Gengið var inn frá miðju húsinu að sunnanverðu en sú hlið snýr niður að lendingunni við sjóinn. Þegar inn í bæinn kom var búrið á vinstri hönd. Tveir litlir gluggar voru á búrinu. Þar var skilvinda, strokkur, skyrtrog ofan á mysutunnu, mót til að forma smjör, niðursoðið kjöt, rabarbarasulta og kökur í blikkdunkum. Einnig var þar geymt heima-bakað brauð (seytt rúgbrauð og hveitibrauð) og matarafangar. Ekki má gleyma súrmatnum sem

átti sitt pláss í búrinu, bæði kindaslátur, hvalur og selshreifar.

Dymar á móti búrinu voru að þvottahúsinu, á hægri hönd. Þar var heljarstór þvottapottur sem kyntur var með mó, þvottabretti, járnbalur, emaleruð vaskaföt og síðar þvottavél. Vatns-tunnan (200 lítra stáltunna), sem í var dælt vatni úr útibrunni, var fest upp á vegg. Þarna var líka salemi, sem aldrei var notað þar sem vatnsskortur var viðvarandi. Úr þvottahúsinu var stigi upp á loft, oft kallað fremra loft, þar sem geymd var mjölvara, hveiti og rúgmjöl, ásamt sykri, óbrenndum kaffibaunum og öðrum varningi sem vel þurfti að fara um. Þar var líka rúm og fiðurdýnur sem hægt var að nota ef margir næturgestir voru. Í öðrum þvottahúsglugganum var stundum opin blikkdós með hvítu dufti, líklega skordýraeitrið illræmda DDT, en þá vissu menn ekki um hættuna sem fylgir því.



Bæjarhúsin í Langeyjarnesi. Íbúðarhúsið t.v., í miðri er fjóshlaða og hesthús. Gamli bærinn lengst t.h. Klofningsfjall í baksýn. Ljós-Logi Egilsson, ágúst 1964.

Innst á ganginum voru tvennar dyr. Til vinstri var stofa, þar var borðstofuborð með sex stólum, dývan, skápur og skrifborð húsbóndans. Ég man sérstaklega eftir því að ofan á skápnum voru ljósmyndir af Langeyjarfrúnum, þ.e. Júlíönnu í Fremri-Langey og Laufeyju í Efri-Langey. Ofan á skápnum voru líka tvö pottablóm, gyðingurinn gangandi, bæði græna og brúnröndotta afbrigðið. Blóm-pottarnir voru málningardósir úr blikki. Síminn var einnig í stofunni. Símhringingin í Langeyjarnesi var ein löng og tvær stuttar. Stofan var aldrei notuð nema þegar gestir komu. Haglabyssur, einhleypa og tvíhleypa húsbóndans, stóðu uppi við skorsteinsvegginn undir símanum. Skotin voru hins vegar í læstri skrifborðsskúffu og þar var einnig kindabyssan. Jóhannes hafði einn aðgang og lykjavöld að skrifborðinu.

Eldhúsið var svo til hægri, við hlið stofunnar. Það var rúmgott, jafnstórt og stofan, með stórrí olíueldavél, sem einnig var notuð til upphitunar hússins. Í eldhúsinu var líka gashella og gullur kosan-gaskútur. Vaskur með kaldavatnsskrana

var í suðausturhorninu. Blóm voru í eldhúsglugganum, og stundum í þvottahúsinu. Af tegundum má nefna gyðinginn gangandi, jámbrautarlestina og blóðdropa-Jesú-Krists (*Fuschia sp.*). Í eldhúsglugganum var alltaf sjónauki, sem notaður var til að fylgjast með komum báta inn fjörðinn og svo bílaumferð uppi á vegi. Á eldhúsbörðinu gegnt stiganum voru saumavélarnar tvær.

Úr eldhúsinu var brattur stigi upp á loft, sem alltaf var kallað baðstofan. Þar voru tvö svefnherbergi. Í fremra herberginu sváfu Elín og Jóhannes. Þar var aukarúm fyrir gesti og lítill dývan. Innra herbergið hafði Bergur, þar var einnig aukarúm fyrir gesti og þar svaf ég. Þar var Bergur með dótið sitt, m.a. nýlega harmonikku sem hann spilaði stundum á þegar færi gafst. Ríffill Bergs var geymdur í skáp í herbergi hans og skotin í læstri skúffu sem hann hafði lykjavöld að. Símalínan var tengd inn í húsið gegnum gluggann á herbergi Bergs. Við ákveðin veðurskilyrði söng og hvein mikið í línunni.

Glugginn á herbergi Bergs sneri í vestur með



Íbúðarhúsið, suðurhlið sem snýr að heimavoginum í Langeyjarnesi. Klofningsfjall í baksýn. Nýslegin há kringum bæinn. Drossían tilheyrði Fremri-Langeyjarfólkinu. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.

útsýni yfir Breiðafjörðinn. Útlínur eyja nær og Látrabjarg í fjar ska. Á kymrum sumarkvöldum barst djúpur niður sjávarfallastraumanna inn um opinn gluggann. Og svo var það sólin sem skein inn um gardínulausan gluggann langt fram yfir miðnætti um hásumarið. Þegar dásemd miðnætursólarinnar barst í tal var mér sagt að á veturna næði sólin ekki að skína inn um vesturgluggann og ég fór að átta mig á gangi sólar og árstíðunum.

Hundar og kettir fengu, sem áður segir, aldrei að fara inn í bæ, enda hlutverk þeirra annað og meira en að vera gæludýr. Kötturinn átti heima í fjósinu og fjóshlöðunni og hélt músagangi niðri, en fékk alltaf mjólk kvölds og morgna og stundum fisk. Hundamir, sem voru minkahundar, áttu lítinn kofa framan við bæinn. Þegar margir gestir komu voru þeir yfirleitt lokaðir inni í hesthúsi.

Norðan við bæinn var sambyggður, steinsteyptur skúr. Þar var ljósavél sem notuð var að vetrinum til að lýsa bæinn. Jóhannes sá einn um ljósavélina og var skúrinn ávallt læstur.

Austan við bæinn var sjö kúa steinsteypt fjós og hlaða. Þar var líka sambyggt lítið hesthús. Traktors-skúr var svo seinna byggður norðan við fjósið.

Rétt þar hjá var gamli bærinn, torfbær með tveimur burstum. Vestara húsið, sem var minna, skiptist í tvennt. Fremri hlutinn var hæsnakofi, en aftari endinn var notaður til að reykja kjöt og bjúgu. Austara húsið, sem áður var vistarvera heimilismanna, var notað sem skemma og var því skipt í tvennt um mitt hús. Í fremri hlutanum voru geymdar kartöflur, saltkjöt í tunnu, saltað selkjöt í kvartéli og einnig var þar tunna með blautsöltuðum þorski og önnur með slátri og öðrum súrmat. Þarna var líka geymdur harðfiskur. Einnig voru amboð geymd þarna, t.d. hrífur, orf og ljáir, skóflur, ristuspaðar, reiðtygi (hnakkar, klifberi og reiðingstorf), torfljáir, sleggjur, járnkarlar og reipi. Einnig var þarna geymdur mór sem notaður var til að hita dúnninn, reykja með kjöt og kynda undir þvottapottinum. Í innri hlutanum var dúnninn geymdur. Þar voru hlóðir þar sem dúnninn var hitaður og þar var einnig



Gamli bærinn í Langeyjarnesi, vesturhliðin. Opnar dyr fyrir miðjum gafli inn í reyk húsið. Framhluti hússins var hænsnakofi með „íslenskum hænum“. Vinstra megin á myndinni er grár Ferguson og heysleði. Fremstur er Logi Egilsson að gantast við bolakálf og hundinn Hjeppa. Tregasteinn er hægra megin við gamla bæinn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1964.

dúngrind til að krefsa dúninn á. Hlóðabakaðar flatkökur bakaði Elín stundum á glóðinni af eldinum sem notaður var til að hita dúninn í Gamla bænum. Þær voru borðaðar glóðvolgar með nýju ósöltuðu smjöri.

Bilið á stærri húsinu var einnig notað til að spýta á selsskinn þannig að þau gátu bakast í sólinni.

Austan við gamla bæinn voru leifar af refabúri frá þeim tíma þegar Jóhannes reyndi fyrir sér í refarækt. Búrið var notað til að þurrka harðfisk (rikling, steinbít og ýsu), siginn fisk og signa grásleppu, afbragðsmatur.

Sunnar og vestar á túninu, nær sjónum, voru fjárhúsin, burstalaga hús, steinsteypt, og hlaðan, sem var úr timbri og bárujármsklædd. Fyrsta sumarið mitt voru húsin tvö, en vorið 1959 var þriðja húsið steipt upp. Þá komu menn af öðrum bæjum í nágrenninu og hjálpuðu til við bygginguna. Ég man

að steypan var hrærð í olútunnu. Tunnan var fest lóðrétt á tvo standa, þannig að auðvelt var að snúa henni. Hún var með op á hliðinni. Langur kaðall var vafinn utan um tunnuna. Kaðallinn var bundinn aftan í dráttarvél sem dró kaðalinn, tunnan snerist og steypuhræran í tunnunni um leið. Svo þegar hræran var tilbúin voru notaðar hjólbörur og fötur til að koma steypunni í mótin og grjóti hent í mótin til dryginda. Þetta er bara eitt dæmi um hve mikil samhjálp var á milli bæja á þessum tíma í Klofningshreppi.

Ekkert rennandi vatn er í landi Langeyjarness og því þurfti að notast við brunnvatn, bæði til heimilisbrúks og til að brynna skepnum. Þetta gerði að sjálfsögðu allt miklu erfiðara í búskapnum, bæði innanhúss og utan, og ekki furða þó reynt væri að spara klósettið og skjóttast heldur suður undir bakka í fjöruna til að létta á sér. Þá var gott að hafa óprentað blað utan af dagblöðum tilbúið í vasanum til að skeina sig með. Ég var alinn upp



Nýju fjárhúsin í Langeyjarnesi. Gömlu torfhúsin voru tvær burstir og stóðu þar sem minni húsin eru á myndinni, en ákveðið var að nota gömlu grunnana og jötumar sem þar voru. Stærsta húsið var byggt frá grunni (1959) og haft breiðara en hin. Öll voru húsin með timburgrindum, góðum gluggum og loftúðum á þaki. Hlaðan (járnklædd timburgrind) var líka lengd sem stærsta húsinu nemur. F.v. Kristján Ragnarsson, Sara Kristjánsdóttir og Ingigerður Jónsdóttir. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.

bæði við rennandi kalt vatn og hitaveitu, en lærði fljótt að fara vel með vatnið og hefur það fylgt mér síðan.

Tveir brunnar voru innan túngirðingar. Heima-brunnurinn var í lögð rétt austan við fjósið. Úr honum lá vatnsleiðsla inn í bæ og vatninu var dælt með handdælu í 200 lítra tunnu sem var í þvottahúsinu. Vatn í fjósið var einnig tekið úr þessum brunni, en það var ávallt borið í fjósið.

Fjárhúsbrunnurinn var í mýrarbletti rétt vestan við fjárhúsin og þótti vatnið í honum verra. Stundum þurfti samt að nota það fyrir kýmar og fólkið þegar heimabrunnurinn var þrotinn. Þegar báðir brunnarnir þornuðu var vatn sótt í mógrafir í Grafarflóa sem var nokkru utar á nesinu. Brunnurinn í Efri-Langey var miklu betri, þraut aldrei og vatnið bragðbetta. Stundum varð að sækja vatn í læk upp að Klofningi eða heim að Hnúki eða á aðra bæi og flytja niður í Langeyjarnes í mjólkurbrúsum.

TÓMSTUNDIR OG SKEMMTAN

Eftir að dúnninn hafði verið breiddur út á grindur í sólina til þurrkunar var það heilmikil handavinna að tína úr honum mesta ruslið, t.d. stóra þangbúta, skeljabrot, grashnyðjur, lyng og grasstrá. Þá var gott næði til að tala saman, farið með gamanmál og mér voru kenndar vísur og fjöldi af gátum, sumt af því man ég enn.

Dæmi um vísu:

Á sumardaginn fyrsta,
var mér gefin kista,
stytuband og klútur
og golsóttur hrútur.

Dæmi um gátur:

Sá sitja segg
sunnan undir vegg
hefur augu og nef
aldrei fær hann kvef
syngur álna þór
aldrei kemst í kór.
Gettu gátu mína
ef viskan er þín.

Svar: Steðji

Sat ég og át
og át af mér
át það sem ég sat á
og át af því.

Svar: Kona situr á meri og er að snæða. Hún er jafnframt með barn á brjósti. Merin sem konan situr á er að bíta gras og folald hennar er að sjúga spena og gæða sér á kaplamjólk.

Ella kenndi Loga Egilssyni þessa gátu. Ég hef oft lagt þessa gátu fyrir fólk í gegn um tíðina, en engum hefur enn tekist að ráða hana.

Einnig söng ég stundum fyrir fólkið, lög sem ég hafði lært í skólanum eða nýjustu dægurlögin úr útvarpinu. Ekki veit ég hvernig sá söngur var, en enginn mótmælti. Þá var tíminn notaður í spjall þegar verið var að þurrka dúnninn yfir hlóðum áður en hann var krafsaður.

Útvarpstæki af gerðinni Philips, með stórri rafhlöðu, var eina útvarpið og var alltaf verið að spara rafhlöðuna, en þær voru mjög dýrar. Hlustunarskilyrði voru ágæt. Hlustað var á fréttir og að sjálfsögðu veðurfregnir. Einnig var jarðarförum stundum útvarpað og hlustaði Elín á þær ef hún þekkti til hins látna. Ég sótti í að hlusta á útvarps-söguna sem var lesin eftir tíufréttir á kvöldin.

Sveitasíminn var samtengdur við átta bæi í Klofningshreppi. Símsstöðinn var á Hnúki og gat Krístín sem var símsstöðvarstjóri skipt línunni þannig að bæimur austan og vestan við Hnúk voru aðskildir. Stundum fór ég niður í stofu til að hlusta á það sem sagt var á línunni og endurtók svo það sem ég heyrði. Allir töluðu varlega í sveitasímann. Oft var hægt að þekkja á hringingunni hver hringdi. Aldrei var hlaupið í símann þegar hringt var seint að kveldi eða á nóttunni. Þá vissi heimafólk að eitthvað alvarlegt hafði gerst t.d. veikindi eða slys og ekki við hæfi að trufla þá hringingu með hlerun. Þannig atburðir voru alltaf gerðir opinberir síðar.

Blöðin Ísafold & Vörður, sem var eins konar útdráttur úr Mogganum, og Tíminn voru keypt. Áskriftin var tekin út úr reikningi Jóhannesar í Kaupfélaginu í Stykkishólmi (Tíminn) og Verzlun Sigurðar Ágústssonar (Ísafold & Vörður). Einnhvern tíma færði húsbóndinn það í tal að enginn vegur væri að losna undan áskriftinni að Tím-anum þó hann hefði oft reynt. Áskriftin var alltaf tekin af reikningi Jóhannesar og blaðið kom í óþökk hans. Minningargreinarnar voru einna vinsælasta efnið.

Sumarið 1960 hafði Elín fengið að láni bókina „Konan í dalnum og dæturnar sjö“ eftir Guðmund G. Hagalín. Þar var fjallað um ekkjuna Móniku á Merkigili sem kom sjö dætrum og einum syni á legg einsömul eftir að hafa misst bónda sinn. Monika var hetja í hugum fólksins í Langeyjaesi. Þar sem Elín hafði lítinn tíma til að sinna bókarlestri fékk hún mig til að lesa fyrir sig bókina um þegar hún sat við saumavélina við að laga föt eða stoppa í sokka. Það voru góðar stundir því samhliða lestrinum ræddum við efni bókarinnar.



Systkinin frá Stakkabergi í heimsókn í Langeyjarnesi. Fremri röð f.v. Elín, Ingveldur, Ólöf og Guðbjörg Elimundardætur. Aftari röð f.v. Sigfríður Elimundardóttir, Jóhannes Jónsson, Ingimundur Elimundarson, Guðlaug Elimundardóttir og Helena Ólafsdóttir. Á myndina vantar eina systurina, Björnfríði. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1959.

Seint í ágúst var árvísið að göngur af þorskseiðum syntu inn á heimavoginn. Þá var dregið fram færi og veitt af krafti.

17. júní var yfirleitt flaggað með fyrrnefndum heimasaumuðum íslenskum fána á stórra bambusstöng sem fest var á rafmagnsrellustólpann á Sjónarhólnum. Alltaf var boðið upp á pönnukök með rjóma, eða upprúllaðar með sykri, á þessum hátíðisdegi. Einu sinni átti ég afmæli í Langeyjarnesi og þá var kakó og pönnukök. Einnig var slegið upp í pönnukök á töðugjöldum.

Sumarið 1959 stóð mikið til. Þá höfðu systkinin frá Stakkabergi ákveðið að hittast. Aðalveislan átti að vera í Langeyjarnesi. Systurnar voru sjö og svo var einn bróðir. Elín var elst, síðan Ingveldur, sem var ráðskona hjá Þorsteini, f.v. sýslumanni Dalamanna, og bjó í Tjarnargötu 44 í Reykjavík. Þá kom Björnfríður, sem bjó norður á Björnólfsstöðum í Langadal, Ólöf, sem bjó með Sigfríði systur sinni á Stakkabergi, Guðbjörg var ljósmóðir

og bjó á Stöðvarfirði, Ingimundur bjó í Reykjavík og Guðlaug bjó á Melum, sem var næsti bær.

Mjög langt var síðan þau höfðu hist öll saman. Ástæðan fyrir þessu systkinamóti var eflaust að veturinn áður hafði Elimundur Þorvarðarson (1877–1959), faðir þeirra, látist, og verið var að útbúa heimagrafreit á Stakkabergi. Þar var Elimundur grafinn og jarðneskar leifar Ingibjargar Guðmundsdóttur (1872–1947), konu hans, voru fluttar úr Dagverðarneskirkjugarði heim á Stakkaberg. Veislan í Langeyjarnesi var einn bjartan sumardag í ágúst með miklu kaffibrauði og líklega mat þó ég muni ekki svo vel eftir því. Eitt man ég þó, að ekkert vín var haft um hönd, enda snertu þær systur ekki vín og Elín hafði ímugust á víni. Ég var ráðinn hirðljósmyndari og tók mynd af hópnum á bæjarhólnum. Einnig tók ég mynd af Ellu minni uppabúinni í íslenskum búningi, en hún fékk ekki mörg tækifæri til að halda sér til, eignaðist t.d. aldrei almennilega kápu að eigin sögn.



Þrjár af systrunum frá Stakkabergi í heimsókn í Langeyjamæsi. F.v. Elín, Ingveldur, Björnfríður og Ólöf Elimundardætur. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1959.

GESTAKOMUR

Gestkvæmt var í Langeyjamæsi. Langeyjamæsi-fólkið sýndi öllum sem komu fádæma gestrisni, bæði í mat og drykk, og oft gekk heimilisfólk úr rúmi fyrir gesti. Við Bergur sváfum stundum í tjaldi úti á hlaði þegar gestangangur var mikill. Það þótti mér gaman.

Ég man eftir sumum sem komu í heimsókn. Fólkíð úr Fremri-Langey kom á hverju ári. Stundum geymdi það bílana sína í Langeyjamæsi meðan dvalið var úti í Langey. Þetta voru aðallega börn og barnabörn Eggerts og Júlíönnu sem áttu eyjuna. Sjálf sagt þótti að þeir feðgar Bergur og Jóhannes ferjuðu Fremri-Langeyjarfólkið út í eyju þegar Langeyjarbáturinn var að sinna öðrum ferðum, sem hlýtur að hafa tekið dýrmætan tíma frá heyskapnum.

Jónína, dóttir Elínar og Jóhannesar, kom einu sinni í heimsókn, með Ragnari manni sínum, með börnin

þeirra, Önnu Bimu (f.1944), Kristján (f.1950) og Sveinbjörn (f. 1958) . Á þessum tíma bjuggu þau á Klungurbrekku á Skógarströnd. Það fór alltaf vel á með þeim mæðgum og talaði Elín oft um Jónínu. Ragnar kom hins vegar á hverju ári, enda lagtækur smiður, og hjálpaði til við smíðar, t.d. á fjárhúsunum og hlöðunni.

Nokkrar af systur Elínar komu á hverju sumri. Ingveldur dvaldi alltaf í nokkra daga og Sigfríður kom stundum og staldraði við í vikutíma.

Eftirminnilegur árlegur gestur var Pétur Einarsson frá Fremri-Langey, en hann átti einnig heimili á Ormsstöðum. Hann sigldi um Hvammsfjörð og Breiðafjörð einn á sínum báti og veiddi eðalfisk. Mikill og happasæll sjósóknarmaður. Oftast kom hann færandi hendi með nýja lúðu og var ávallt kærkominn. Hann var bindindismaður sem fór allra sinna ferða einsamall og batt sig aldrei við búskap, sjálfstæður og engum háður. Ég man sérstaklega eftir því hve stórar hendur hann hafði

og að hann notaði orðalagið „ja, sko, maður, ha, heyrirðu hvað ég segi“ í sífellu.

Miðsumar, kannski sunnudagur, lognbjartur dagur. Uppi á þjóðvegi er jóreykur og sést til ríðandi manna. Þarna eru á ferðinni Orrahóls-mæðgur á leiðinni niður í Langeyjarnes. Elín átti von á þeim. Sigríður Halldórsdóttir, húsmóðirin á Orrahóli, er annáluð hestakona. Hún ríður hvítum hesti og er fremst í flokki. Dætur hennar um tvítugt, Lára Sigurveig og Inga Lára, fylgja móður sinni á jörpum og rauðum klárum. Glæsileg hópreið, og drengurinn bíður við tún-hliðið til að hleypa gestunum inn og hefur síðan auga með hestunum meðan gestirnir eru inni í bæ að njóta kaffiveitinga og spjalla. Þetta er eina skiptið sem ég man eftir að gestir kæmu ríðandi niður í Langeyjarnes.

FERÐIR AF BÆ

Fólkið í Langeyjarnesi fór ekki mikið af bæ, enda enginn bíll á bænum. Til að komast burt þurfti alltaf að fá far ef ferð féll til af bæjum sem höfðu bíl til umráða. Brauðstritið var líka svo mikið að heimilisfólk gaf sér ekki tíma til að fara að heiman til að lyfta sér upp. Eftir að traktorinn var keyptur fór Bergur þó oft bæjarleið á honum, komst jafnvel einu sinni suður í Búðardal á tækinu.

Ég fór á hverju sumri að heimsækja systur Elínar, þær Ólöfu (Lóu) og Sigríði (Siggu), sem bjuggu á Stakkabergi. Ég gekk yfirleitt báðar leiðir, þetta var um það bil fimm km gangur hvora leið. Stundum fylgdi hundurinn Hjeppi mér, en tíkin móðir hans var á Stakkabergi. Það var alltaf vel tekið á móti mér, bakaðar kökur og búið til kakó. Svo bjó Lóa til mjög góðan mat og dekraði við mig á allan hátt. Stundum gisti ég eina eða tvær nætur. Við Sigga spiluðum mikið Ólsen Ólsen eða tveggja manna vist. Sigga var fötluð frá fæðingu, var það sem kallað er hreyfihömluð, átti erfitt með gang og var blæst á máli. Ég átti hins vegar mjög auðvelt með að skilja hana og kenndi hún mér margar gátur og vísur.

Dæmi um gátur:

Margt er smátt í vettling manns.
Gettu sans gettu sans.
Þó þú getir í allan dag,
þá getur þú aldrei sans.

Svar: Sandur

Dæmi um vísur:

Sigga, Vigga, Sunneva,
Salka, Valka, Halldóra,
Þorbjörg, Björg og Þórkatla,
Þórunn, Jórunn, Arnóra.

Við eyddum miklum tíma við að skoða myndalíbúm heimilisins sem varð til þess að ég þekkti í sjón og vissi ýmislegt um líf og störf margra sveitunga, ættmenna og vina þeirra systra sem þær áttu myndir af. Á Stakkabergi var oft ein kýrin sumar-bæra og þá sendi hún ábrestni niður í Langeyjarnes.

Á þessum fjórum sumrum mínum í Langeyjarnesi fór ég einu sinni að Melum, næsta bæ, til Guðlaugar og Óla, með Elínu. Á Melum var fallett hvítt hús og Lauga átti stóran, gulan kött og tók vel á móti okkur enda gestrisin og skemmtileg.

Einnig fórum við inn á Ballará. Þar bjó Elínborg Guðmundsdóttir, en Ella hafði tekið á móti nokkrum af átta börnum hennar. Þær voru miklar vinkonur og spjölluðu oft saman í síma. Frá ferðinni inn að Ballará er mér einkar minnisstæð gömul kona, móðir Elínborgar, sem hét Stefanía Guðríður Þórðardóttir (1871–1961). Eins og ég gerði oftast þegar ég fór í heimsókn á nýjan bæ þurfti ég að grandskoða öll útihúsin á bænum, fjós, fjárhús, hlöður og hænsnakofa ásamt því að vingast við hundana. Þegar ég hafði lokið hefðbundinni rannsóknarferð fór ég inn í bæ að leita að Ellu og heyrði að hún var að spjalla uppi á lofti. Ég gekk á hljóðið inn í lítið herbergi. Gegnum lítinn glugga flæddi þessi einstaka, hvíta, breiðfirska sumarberta og upphóf herbergið í sumar-kyrrðinni. Þar sat Stefanía, blíðleg og brosmild, uppi við dogg í rúmi sínu, auðsjáanlega komin



Stór stund í Efri-Langey. Bergur Jóhannesson bóndi búinn að endurbyggja Hvíta húsið. Fjosið og hlaðan í baksýn. F.v. Ingigerður Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson og Sara Kristjánsdóttir. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.

í kör, enda 89 ára. Ella var að greiða henni og spjalla. Silfurhvítt hárið flæddi niður á sængina og út á rúmstokkinn, svo mikið var það. Mér fannst hún eins og engill og frá henni stafaði miklum ljóma og gleði.

Eftir að ég skrifaði þetta hef ég verið að hugsa um hvernig minningar geymast í litlum barnskolli í áratugi og hægt er að kalla þær fram án mikillar fyrirhafnar. Hvað er óljós minning og hvað er ímyndun? Þarna kom ég einungis einu sinni og árið eftir var Stefanía látin. Minningin um hana er samt ótrúlega sterk. Hvað veldur? Er hægt að staðfesta svona minningu þegar allir sem þar voru eru látnir nema drenghnokkinn? Þegar ég fór að leita að fullu nafni Stefaníu og skoðaði „tímarit.is“ kom upp minningargrein og þar er eftirfarandi lýsing sem staðfestir hversu mikil og útgeislandi persóna Stefanía var. Þannig greyptist hún í minni barns sem getur kallað hana fram nærri sex áratugum síðar, og það staðfestir um leið hvað barnssálin getur verið næm á fólk.

Magnús Sigurðsson skrifaði minningargrein í Morgunblaðinu um Stefaníu sem birtist hinn 28. apríl 1961. Þar segir, á bls. 17: „Ekki lék á tveim tungum, að hún væri kvenna fríðust um víðar byggðir, og svo var hár hennar mikið, að kalla mátti að hylði hana. Hún var fjáðslmannleg og hispurslaus, og svo var lund hennar glöð, að jafnan ríkti líf og kæti í návist hennar. Viðkvæmni hennar var mikil, og jafnan lagði hún gott til allra mála og vildi hvers manns vanda leysa. Söngrodd hafði hún mikla og fagra, og minnst ég þess einkum, er hún söng í Miklaholtskirkju við guðsþjónustur, að unun var á að hlýða.“

Einu sinni fór ég með inn að Skriðulandi, í kaupfélagið, og einu sinni út í Hólmi með áætlunar-bátnum sem fór milli Hnúksness og Stykkishólms á hálfis mánaðar fresti. Það var mjög gaman að koma í Hólminn, mikið um að vera, bryggja, bátar, frystihús, kaupfélag og verzlun Sigurðar Ágústssonar.

Jóhannes var ættaður úr Purkey. Þar bjuggu syst-



Fjárhúsin í Efri-Langey. F.v. Kristbjörn Egilsson, Kristján Ragnarsson og Logi Egilsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.

kini hans þrjú, Jón, Helga Hólmfríður og Jónína. Þau voru ógift. Sumarið 1961 var bænum lokað einn laugardag í ágúst og við fórum öll fjögur á mótorbátinum (Ebenezer Þorlákssyni) út í Purkey. Þetta er eina skiptið sem ég man eftir að allir færu saman af bæ. Þar var heilmikil veisla, enda sextugsafmæli Jóns í Purkey. Karlarnir urðu flestir kenndir og ekki var komið heim fyrr en undir morgun. Ég man að kýrnar voru orðnar allórolugar, ómjólkaðar úti við hlið, þegar við komum heim.

EFRI-LANGEY

Bergur Jóhannesson eignaðist Efri-Langey 1959. Jörðin hafði verið í eyði síðan Sigurður Snæbjörnsson (1894–1975) og Lilja Jóhannsdóttir (1903–1987) fluttu þaðan árið 1953. Húsakostur var gamall, eftir stóðu hálfhrunin fjárhús, fjóshlaða og fjós. Allar þessar byggingar voru úr torfi og grjóti. Íbúðarhúsið var einnig ónýtt. Bergur hófst

þegar handa við að byggja upp nýtt timburhús á grunni gamla íbúðarhússins. Fljótlega festist nafnið Hvíta húsið við bygginguna, enda skjannahvítt með rauðum gluggum. Inni var eitt herbergi með tveim heimasíðuðum dívönum, borði og kollum. Olúkamína var notuð til að hita húsið og elda. Seinna var keypt kosan-gashella til eldunar. Veggir voru allir klæddir panel og ljósmálaðir. Minnisstætt er mér að fjölmargar ljósmyndir, allstórar, voru hengdar á vegg, eins og á myndlistarsýningu. Myndirnar áttu það líka skilið, vandaðar litmyndir af merkjum byggingum um veröld alla. Þær voru fengnar úr almanökum, prentuðum á fínan pappír, sem flutt voru inn til landsins á þessum tíma frá stórfyrirtækjum í Evrópu, t.d. Philips í Hollandi. Þar á meðal var mynd af Hvíta húsinu í Washington sem að sjálfsgöðu var í uppáhaldi hjá húsbóndanum. Ég man sérstaklega eftir myndinni af Taj Mahal-grafhýsinu í Agra á Indlandi. Þegar ég kom til Agra þrem áratugum síðar fannst mér ég þekkja bygginguna og sumrin í Efri-Langey komu upp í huga mér. Þarna í litlu húsi á einangraðri eyju uppi

Kristbjörn Egilsson



Bergur Jóhannesson bóndi og Logi Egilsson í Efri-Langey. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Hjalltangi neðan við túnið í Efri-Langey. Fyrir framan skemmu Sigurðar Sveinbjörnssonar bónda, sem áður bjó í eyrni, eru systkinin Guðbjörg, Logi og Kristbjörn Egilssönn. Á flóði var hægt að lenda við nesið og skipa upp vörum. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.

á Íslandi setti eigandinn upp sína einkasýningu og gat notið fagurra staða þó hann hefði ekki tækifæri til að ferðast.

Bergur hirti æðarvarpið í Efri-Langey og fór ég nokkrum sinnum með honum í hroðaleitina sem var farin eftir að kollurnar höfðu yfirgefið hreiðrin. Sláttur í eyinni hófst yfirleitt eftir að meginslætti lauk á Langeyjarnestúninu. Bergur sló allt túnið með orfi og svo var lagt í flekki, rifgarðar myndaðir og snúið með hrífu. Ég fór oft með út í Langey til að snúa heyinu. Stundum gistum við nótt og nótt, en oftast var farið heim að kvöldi. Sjávarföll réðu nokkru þar um. Klukka eyjamanna var sjávarföllin. Elín útbjó ávallt gott nesti í eyjatúrana, sannkallaða veislu, eins og hangikjöt, harðfisk, seytt rúgbrauð og nýstrokkað smjör. Í heyskapartíðinni var alltaf gengið á milli lands og eyjar. Einungis var farið á báti, þegar þurfti að flytja hey heim í Langeyjarnesi eða þungavarning út í eyju.

NÁTTÚRAN ALLT UM KRING

Þessi sumur fyrir vestan kynntist ungur drengurinn villtri náttúrunni daglega. Alltaf var eitthvað nýtt að sjá, þar sem áhuginn á gróðri, fjöru og fuglum var mikill. Fuglarnir voru hvarvetna, á sjó, tjöllum, í mýrunum, móum og klettum. Hreiður, egg og ungar voru hvert sem litið varð. Nöfn nytjafuglanna lærðust fljótt og hið sama var að segja um ránfuglana. Smáfuglar og mófuglar fylgdu svo með. Bergur þekkti alla fugla og mikið sport var að læra að greina eggin í hreiðrunum og ungana til tegundar.

Þegar verið var að reka kýrnar, stugga við ám eða reka einhver erindi utan túns var auðvelt að gleyma sér við plöntuskoðun. Fáar plöntutegundir þekkti heimilisfólk með nafni, en fljótlega sá ég mun á mörgum blómum og sumum grösom og störum. Þegar ég seinna fór að læra um flóru Íslands í skóla fengu margar kunnuglegar plöntur sitt rétta heiti, reynslan úr sveitinni sat í stráknum.

Um mitt sumar gerðust stundum undur. Í morgunlogni júlímánaðar, þegar sól hafði hitað

hagann, lifnaði tært loftið. Ég var að fylgja kúnum í hagann og sá allstórar svartar flugur með langar rauðar lappir hangandi sveima allt um kring. Þær voru kallaðar galdraflugur, gerðu engum mein, en gaman var að fylgjast með flugi þeirra þar sem þær hringsóluðu dansandi út og suður en oft í hnapp í tæplega tveggja metra hæð frá jörðu. Oft fékk ég þær beint í andlitið eða þær festust í lopapeysunni eða hárinu. Ekki síður voru brunnklukkurnar í mógröfunum spennandi rannsóknar efni. Á heitum sumardögum gátu þær átt það til að taka sig upp úr vatninu og fljúga. Þá var eins gott að vera með klemmdar varir og tala ekki mikið. Flökkusagan sagði að þær sæktu í að fljúga upp í munninn á krökkum.

Fjaran var heill heimur með skeljum, kuðungum, krossfiskum, marflóm og ígulkerjum, endalaus uppspretta fróðleiks. Heimafólkið þekkti nöfn á mörgum skeljanna, en þang- og þarategundir voru minna þekkt. Bergur átti skeljabók Ingimars Óskarssonar og var henni oft flett á rigingardögum.

Á sveitabæ þar sem lífsbaráttan byggðist að miklu leyti á náinni snertingu við villta náttúruna var vernd, hófsemd í nýtingu og virðing höfð að leiðarljósi þó bein orð væru ekki höfð um það. Slíkt var óþarft því menn vissu að ef kurteisleg umgengni væri ekki höfð í hávegum væri voðinn vís og kæmi niður á öllum síðar. Dæmin eru mörg. Aldrei voru tekin fleiri en eitt eða tvö egg úr hreiðri nytjafugla. Aðeins hluti af ungum lunda og teistu var tekinn. Aðeins kópar voru veiddir, það þótti illt ef urta fór í net. Aldrei voru æðarfuglar sem drukknuðu í hrognkelsanetum etnir. Æðarfuglinn var mest metinn og dáðastur af öllum nytjafuglunum og mikið á sig lagt til að vernda hann.

Mikil virðing var borinn fyrir hrafninum, þó illur eggjaræningi væri. Fullvisst þótti að bæjarhrafninn launaði fyrir sig. Dæmi um það var að eitt vorið, þegar við Ella vorum ein heima, kom hrafn heim að bæ og krunkaði hátt og lét ófriðlega. Elín vissi strax að nú hefði einhver af kúnum eða kálfunum lent í mógröf úti á nesi og hrafninn væri að tilkynna það. Þegar karlarnir komu heim var farið í skyndingu út í flóa og viti menn, kýrin Svört var

hálf á kafi í mógröf og þurfti að toga hana upp úr kviksyndinu með köðlum.

Ekki má gleyma erminum, sem á þessum tíma var nærri útdauður á Íslandi. Í landi Langeyjarness eða Efri-Langeyjar verpti yfirleitt eitt amnarpar. Ég man greinilega hvað kollurnar urðu hræddar þegar örninn sveif yfir Stekkjareyna og Flögurnar vestan við Langeyjarnesbæinn. Jóhannes var verndari amnarins og amaðist ekki við hreiðurgerð og ungauppeldi hans. Á sumum bæjum á Skarðsströnd og Fellsströnd var talað um að örninn fengi ekki að koma upp ungum og jafnvel væri skotið á fullorðinn fugl. Ekki veit ég hvaða bær þetta voru, enda talað um þennan glæp í hálfum hljóðum, alla vega í návist skarpra barnseyma. Eitt sumarið komu fulltrúar frá Fuglaverndarfélaginu, þeir Björn Guðbrandsson og Úlfar Þórðarson, en þeir unnu að friðun amnarins og verndun búsvæða hans. Þeir voru að skrá amnarhreiður og fjölda fullvaxinna fugla. Þessir frumkvöðlar í náttúruvernd fengu hlýjar móttökur hjá Langeyjarnesfjölskyldunni. Jóhannes var síðar (líklega árið 1963) heiðraður af Fuglaverndarfélaginu fyrir verndun amnarins. Ekki þótti heldur ónýtt að fá tvo góða lækna í heimsókn og trúlega gat fullorðna fólkið átt privat samtal við doktorana.

AÐ LOKUM

Hjónin Elín Elimundardóttir, frá Stakkabergi og Jóhannes Þórður Jónsson frá Purkey bjuggu í Langeyjarnesi um 60 ára skeið, eða þar til 1984, að Elín varð að leita sér dvalar á sjúkrahúsi sökum veikinda. Fjögur fyrstu búskaparár sín urðu þau að leita athvarfs víða því þá var ekki gott um jarðnæði, en árið 1925 fengu þau Langeyjarnesið og var aðkoman þar ekki beysin, en þegar þau höfðu búið þar í níu ár byggðu þau vandað

íbúðarhús. Þeim búnaðist vel og var bú þeirra jafnan farsælt. Og þótt ekki væri í þjóðbraut komu þangað margir, sérstaklega þegar þurfti að fara kaupstaðarferðir í Stykkishólm sem voru farnar sjóleiðis. Þau eignuðust tvö börn, Jónínu Kristínu, sem gift var Ragnari Hannessyni, og Berg sem lengst af bjó með foreldrum sínum. Bergur eignaðist jörðina Efri-Langey árið 1959 og nytjuðu þeir feðgar báðar jarðirnar, Langeyjarnes og Efri-Langey, jafnhliða, enda liggja löndin saman.

Til að lýsa betur mannkostum hjónanna í Langeyjarnesi, sem aldrei hreyktu sér og fóru ekki hátt með það góða sem þau gerðu öðrum, langar mig að birta brot úr minningargrein sem Kristinn Sveinsson frá Sveinsstöðum ritaði um Elínu og Jóhannes og birtist í Morgunblaðinu 26. september 1992: „*Mig langar að segja hér eina sögu sem lýsir vel þessum góðu hjónum. Það var daginn fyrir Þorláksmessu árið 1938 að farin var ferð úr Hnúksnesi til Stykkishólms til að kaupa inn eitthvað til jóla. Móðir mín bjó þá á Sveinsstöðum með bamahópinn sinn, en hún missti föður minn 1936 og vorum við þá sjö um og innan við fermingu og þrjú eldri. Mamma sendi elsta soninn til innkaupa með umræddri ferð. Er hann kom á skrifstofu kaupfélagsins var honum sagt að mamma fengi ekkert að taka út því hún skuldaði 160 kr. Bróðir minn kom allslaus úr ferðinni og leið honum afar illa, svo ég tali nú ekki um hvernig mömmu leið að geta ekki breytt til um jólin. En á Þorláksmessu kemur Jóhannes í Langeyjarnesi með helminginn af því sem hann tók út fyrir sitt heimili og gefur mömmu. Þau hjónin höfðu þá skipt því á milli heimilanna. Ég man svo vel enn þann dag í dag þá miklu gleði sem þessi stóra gjöf veitti mömmu og okkur í þeirri miklu fátækt sem þá var, en þá voru engir styrkir eða neitt slíkt. Þessi stóra jólagjöf þeirra hjóna yljár mér enn í dag eins og þá er hún var gefin.*“

PERSÓNUR OG LEIKENDUR

Kristbjörn Egilsson

Fæddur 31. maí 1949 í Reykjavík.
Heimili: Laugavegur 58b, Reykjavík.

Foreldrar:

Egill Kristbjörnsson, f. 24. ágúst 1916 í Reykjavík, fulltrúi í Reykjavík, d. 8. september 2012.
Ingigerður Jónsdóttir, f. 1. febrúar 1921 í Reykjavík, húsmóðir og saumakona í Vinnufatagerð Íslands í Reykjavík, d. 4. janúar 2012.

Systkini:

Auður, f. 30. september 1947 í Reykjavík.
Guðbjörg, f. 12. mars 1951 í Reykjavík.
Logi, f. 8. október 1952 í Reykjavík.

Stjúpa Egils:

Sara D.W. Kristjánsdóttir, f. 30 maí 1895, d. 8. febrúar 1990.

Sveitabær: Langeyjarnes í Klofningshreppi Dalasýslu

Bændur:

Elín Elimundardóttir húsfreyja, f. 25. nóvember 1898 að Stakkabergi í Klofningshreppi, d. 27. desember 1987.
Jóhannes Þórður Jónsson húsbóndi f. 21. nóvember 1899 í Purkey í Klofningshreppi, d. 19. september 1992.

Sonur þeirra:

Bergur Jóhannesson, f. í Langeyjarnesi 10. maí 1929, d. 29. september 2016. Eigandi Efri-Langeyar.

Bústofn:

5–7 nautgripir, 60–70 ær, 10–15 íslenskar hænur og 10–12 hross sem gengu sjálfala úti á nesinu og í Efri-Langey. Einn köttur í fjósi og einn til tveir minkahundar.

Systkinin frá Stakkabergi

Elín Elimundardóttir, f. 25. nóvember 1898, d. 27. desember 1987.
Ingveldur Elimundardóttir, f. 4. mars 1900, d. 28. júní 1988.
Björnfríður Ingibjörg Elimundardóttir, f. 10. september 1902, d. 6. júlí 1979.
Ólöf Guðmunda Elimundardóttir, f. 11. júlí 1905, d. 7. júlí 1997.
Sigfríður Elimundardóttir, f. 24. ágúst 1906, d. 22. júní 1995.
Guðbjörg Helga Elimundardóttir, f. 1. nóvember 1909, d. 24. ágúst 1966.
Ingimundur Elimundarson, f. 13. júlí 1912, d. 16. maí 2005.
Guðlaug Elimundardóttir, f. 13. apríl 1915, d. 10. október 2002.

Aðrir

Anna Birna Ragnarsdóttir, f. 19. júlí 1944.

Elínborg Guðmundsdóttir Ballará, f. 12. september 1910, d. 21. nóvember 1999.

Inga Lára Hansdóttir frá Orrahóli, f. 10. nóvember 1941.

Jónína Kristín Jóhannesdóttir, f. 11. júlí 1923, d. 28. febrúar 2012.

Kristján Guðmundur Ragnarsson, f. 15. mars 1950.

Lára Sigurveig Hansdóttir frá Orrahóli, f. 1. júlí 1939.

María Helena Ólafsdóttir frá Melum, f. 6. janúar 1941.

Pétur Einarsson frá Fremri-Langey, f. 1. ágúst 1890, d. 24. apríl 1974.

Ragnar Hannesson, f. 5. júlí 1915, d. 13. maí 1980, tengdasonur Elínar og Jóhannesar.

Septemborg Gunnlaugsdóttir, f. 9. september 1883 í Bjameyjum, d. 9. ágúst 1967. Sigríður Halldórsdóttir frá Orrahóli, f. 12. september 1906, d. 2. ágúst 2001.

Stefanía Guðríður Þórðardóttir Ballará, f. 27. des 1871, d. 17. apríl 1961.

Súsanna Jónsdóttir, f. 27. júlí 1962, dóttir Helenu.

Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, f. 15. okt. 1958.

VIÐAUKAR

Langeyjarnes, Klofningshreppi, Dalasýslu. Ljósmyndir teknar á árunum 1958–1978



Kristbjörn Egilsson (9 ára) með kvígunni Ljómalind í Langeyjarnesi. Hann er með berjabox undir hendinni. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1958.



Kristbjörn Egilsson kjassar uppáhalds kúna, Ljómalind, utan við túnhliðið í Langeyjarnesi. T.h. við bæinn er Sjónarhóll, hæsti hóllinn á túninu, með rafstöðvarrellunni, sem áður veiti ljósi í bæinn. Traktor í túni og Volvo milli húsa. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Gamli bærinn í Langeyjamessí, framhliðin sem snýr að Voginum. Klofningsfjall í baksýn. Framhluti vinstra bæjarhúss var hæsnakofi með „íslenskum hænum“. Húsið t.h. var áður íbúðarhús, en þarna notað sem skemma, m.a. fyrir saltkjöt, þækilsaltaðan fisk, kartöflur, aktygi, mó og amboð. Þar var einnig hreinsaður æðardúnn, þurrhitaður yfir mó í hálfu olíufati á hlóðum og síðan krafsaður. Austan undir bænum má sjá leifar af refabúri og undir bæjarþili eru trog og trékassar. Vinstra megin á myndinni sér í fjóshlöðuna og hesthúsið og þar er hverfisteinnur undir vegg. Ljós. Kristbjörn Egilsson, júlí 1958.



Tregasteinnur suðaustan við gamla bæinn í Langeyjamessí. Umhverfis steinninn er stórgrýtt grasflöt kölluð Tregabeð. Þar var aldrei slegið. Ljós. Kristbjörn Egilsson, júlí 1958.



Jóhannes og Bergur sigla út úr heimvoginum í Langeyjarnesi á leið í Efri-Langey að sækja hey. Mótorbáturinn (Ebenezer Þorláksson) er með skektuna í togi. Miðmundahólmi næstur landi. Kristbjörn Egilsson stendur í túni. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1958.



Hundurinn Hjeppi. Annálaður minkaveiðihundur, fjárhundur og barngóður með eindæmum. Undan Týru á Stakkabergi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, júlí 1958.



Við Stóru-vörðu utarlega á Langeyjamasi. Bæjarhúsin og Hnúksbærinn t.h. Klofningsfjall í baksýn. F.v. Ingigerður Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson og Sara Kristjánsdóttir. Dömunar eru í ferðalagapílsum. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1958.



Gamli bærinn í Langeyjamasi, framhliðin sem snýr að vöginum. Klofningsfjall í baksýn. Framhluti vinstra hússins var hænsnakofi með „íslenskum hænum“. Húsið til hægri var dætur íbúðarhús, en þarna notað sem skemma, m.a. fyrir saltkjöt, þækilsaltaðan fisk, kartöflur, aktygi, mó og amboð. Þar var einnig hreinsaður æðardúnn, þurrhitaður yfir mó í hálfu olíufati á hlóðum og síðan krafsaður. Á bæjarpili eru grásleppunet og rekaviðarstaurar hallast að vesturvegg. Vinstra megin á myndinni sér í fjóshlöðuna og hesthúsið og þar er hverfisteinn undir vegg. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1959.



Fjóshlaðan í Langeyjarnesi, suðurhlíð. Hænan Svört með unga sína á spjalli við bæjarhanann. Reiðhjól Bergs Jóhannessonar við vegginn, en á því hjólaði hann m.a. í Búðardal og Saurbæ. Þakið og hlöðudymar voru rauðmáluð. Ljósm. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1960.



Bergur Jóhannesson að brýna bitjárn sunnan við hesthúsið í Langeyjarnesi. Klofningsfjall í baksýn og sést upp að Hnúki. Rekaviður, tilvonandi girðingarstaurar, og reiðhjól Bergs t.v. Ljósm. Kristbjörn Egilsson, júní 1960.



Framan við gamla bæinn í Langeyjaesi. F.v. Kristbjörn Egilsson og Kristján Ragnarsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Á Sjónarhólnum í Langeyjaesi. F.v. Ragnar Hannesson, Kristján Ragnarsson, Jóhannes Jónsson, Logi Egilsson, Kristbjörn Egilsson, Guðbjörg Egilsdóttir, Sara Kristjánsdóttir og Ingigerður Jónsdóttir. Hægra megin sér í sökkul vindrellunnar sem áður veitti ljósi í bæinn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Nýveiddir selir (kópur og urta) í Langeyjarnesi. Undantekning var að urta festist í neti. F.v. Logi Egilsson, Bergur Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Kristbjörn Egilsson og Guðbjörg Egilsdóttir. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Nýveiddur selur í Langeyjarnesi. F.v. Logi Egilsson, Bergur Jóhannesson og Kristbjörn Egilsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Nýveiddur selur í Langeyjamesski skoðaður. F.v. Kristbjörn Egilsson, Jóhannes Jónsson og Bergur Jóhannesson. Kýmar eru komnar í haustbeit á heimatúnið. Takið eftir lopapeysunni sem Bergur klæðist. Hún var mórauð með ljósgulu mynstri, ermar ísaumaðar, og þæfð. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Gaman gaman, borðið fellur með nýveiddum selnum. Logi, lengst t.v., skemmtir sér konunglega. Guðbjörg með hendur í vösum, Kristbjörn og Jóhannes í viðbragðsstöðu og Bergur grípur selinn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Séð heim í Langeyjarnesi utan af Litlu-vörðu. Fjárhúsin fremst t.v. svo bæjarhúsin. Klofningsfjall og hreppstjórasetrið Hnúkur í baksýn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Séð heim í Langeyjarnesi. T.h. sést Miðmundahólmi. Sjá má spegilmynd af Agli Kristbjörnssyni í rúðunni á stýrishúsinu t.v., en bátinn átti Ragnar Hannesson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Á heimleið í Langeyja. Ragnar Hannesson og Bergur Jóhannesson. Spegilmynd af Agli Kristbjörnssyni í rúðunni. Hægra megin við stýrishúsið sést Vesturnesjaflaga. Bátinn átti Ragnar Hannesson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Bátur Ragnars vel geymdur í fjörunni neðan við bæinn í Langeyja. Miðmundahólmi t.h. og Stekkjarey í baksýn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Bæjarhlaðið í Langeyjarnesi. Fjóshlaðan t.v. og gamli bærinn t.h. Bergur Jóhannesson er að leika við hundana Kolla og Hjeppa. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Elín Elimundardóttir að spjalla við Lóu systur á Stakkabergi. Myndin er tekin í stofunni. Síminn hékk á vegg og við skorsteininn voru haglabýssur. Skotin voru geymd í læstri hirslu. Þetta er önnur af tveim innanhússmyndum úr Langeyjarnesi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Bæjarhlaðið í Langeyjaesi. Fjóshlaðan t.v. og gamli bærinn t.h. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Bergur Jóhannesson bregður á leik á bæjarhlaðinu í Langeyjaesi. Tunnan undir húsveggnum var notuð undir vatn sem sótt var í mógrafir í Grafarflóa utar á nesinu, en vatnsskortur var viðloðandi í þurum sumrum þegar heimabrunnurinn þvarr, enda enginn bæjarlækurinn. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Bæjarhlaðið í Langeyjarnesi. Logi Egilsson (12 ára) kjassar Hjeppa. Tunnan undir húsveggnum var notuð undir vatn sem sótt var í mógrafir í Grafarflóa utar á nesinu, en vatnsskortur var viðloðandi í þurrum sumrum, þegar heimabrunnurinn þvarr, enda enginn bæjarlækurinn. Blóm og ýmislegt dót í þvottahúsglugganum. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1964.



Íbúðarhúsið í Langeyjarnesi austan megin. Eldhúsglugginn. Olíutankur og ljósavélarskúr að norðanverðu. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Horft til Klofningsfjalls úr fjörunni norðan við túnið í Langeyjamasi. Stóra-Flaga lengst t.h. á miðri mynd. Klofningur hæðin lengst t.v. Túnin t.h. eru nýrækt Hnúksbænda. Fjöldi álfta er á voginum. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft úr fjörunni í Stekkjarey. Fremstu húsin t.h. eru í Hnúksnesi, sláturhús, frystir og bryggja. Þetta var útibú frá Verzlun Sigurðar Ágústssonar í Stykkishólmi, en þangað gekk flóabátur á hálfmánaðar fresti úr Hólminum. Hnúkur stendur ofar, undir Klofningsfjalli. Ingigerður Jónsdóttir prýðir forgrunninn í forlata nýtiskulopapeysu. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft heim að Langeyjarnesi að austan, frá Ögurtjörn. T.v. er gamli bærinn, svo fjós og hlaða og íbúðarhúsið þar aftan við. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft heim að Langeyjarnesi að austan. Fremst er gamli bærinn, svo fjós og hlaða og íbúðarhúsið fjærst. Rússajepinn stendur á gömlu hesthústóftinni. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft heim að Langeyjarnesi frá Stóru-vörðuholti. Í baksýn Klofningsfjall, hreppstjórasetrið Hnúkur og húsin í Hnúksnesi. Skafl er enn í fjallinu, kalt sumar. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Gamli bærinn í Langeyjarnesi, framhliðin sem snýr að heimavoginum. Klofningsfjall í baksýn. Framhluti vinstra hússins var hænsnakofi með „íslenskum hænum“. Húsið hægra megin var áður íbúðarhús, en þarna notað sem skemma, m.a. fyrir saltkjöt, kartöflur, aktygi. Þar var einnig hreinsaður æðardúnn, þurrhitaður yfir mó í hálfu olúfati á hlóðum og síðan krafsaður. Á bæjarþilinu er selanet. Vinstra megin á myndinni, undir bæjarveggnum, er hvít Sóló-eldavél. Þar var stundum eldaður selur og annar sterklyktandi matur. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1965.



Kúnum hleypt út eftir morgunmjaltir. Öftust er Ljómalind. Rússajeppinn sem stendur á gömlu hesthústöftinni var í eigu Guðmundar Jónassonar nútubílstjóra, vinar Egils, og málaður í hvítum og bláum lit eins og allar rútur Guðmundar. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Heimilishænumar í Langeyjarnesi. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft heim að Langeyjamesi að austan. T.v. er gamli bærinn, svo fjós og hlaða og íbúðarhúsið þar aftan við. Ljós m. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Horft heim að Langeyjamesi frá heimavoginum. Fremst t.h. er bátur Jóhannesar Jónssonar bónda sem heitir Ebenezer Þorláksson. T.v. er bíll sem Fremri-Langeyjarfólkið geymdi meðan það var úti í eyju og svartur bátur sem nefndur var Skektan. Fjær er íbúðarhúsið, fjóshlaðan og gamli bærinn. Klofningsfjall í baksýn. Tregasteinn lengst t.h. Ljós m. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Réttartangi. Myndin er tekin á sjávarfitinni neðan við heimatúnið í Langeyjarnesi. Vesturnes og Vesturnesjaflaga ofan við miðja mynd. Snæfellsjökull þar á bak við. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Vinkonur Elín Elimundardóttir, húsfreyja og Sara Kristjánsdóttir við gamla bæinn í Langeyjarnesi. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1969.



Flekkur rifjaður í heimatúninu í Langeyjarlesi, seinni sláttur. Frá vinstri Kristbjörn Egilsson, Sara Kristjánsdóttir, Ingigerður Jónsdóttir, Logi Egilsson og Jóhannes Jónsson bóndi. Klofningsfjall í baksýn. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1969.



Jóhannes Þórður Jónsson, bóndi í Langeyjarlesi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Jóhannes Þórður Jónsson, bóndi í Langeyjarnesi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Jóhannes Þórður Jónsson, bóndi í Langeyjarnesi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson og frænka hans, Súsanna Jónsdóttir, að mála baðstofurúm á hlaðinu í Langeyjarnesi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Elín Elimundardóttir, húsfreyja í Langeyjarnesi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Elín Elimundardóttir, húsfreyja í Langeyjarnesi. Mjólkurbrúsarnir eru fullir af vatni sem flutt var ofan af Hnúki því heimabrunnurinn var þurr. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Elín Elimundardóttir, húsfreyja í Langeyjarnesi, stendur yfir eldavélinni. Stiginn t.h. lá upp í baðstofu. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Jóhannes Þórður Jónsson bóndi og Elín Elimundardóttir, húsfreyja í Langeyjarnesi. Emaleraði potturinn var fyrir tauklemmur, en í mjólkurbrúsanum var vatn. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Jóhannes Þórður Jónsson bóndi, Elín Elimundardóttir húsfreyja og Bergur Jóhannesson á hlaðinu í Langeyjarnesi. Emaleraði potturinn var fyrir tauklemmur, en í mjólkurbrúsanum var vatn. Eina myndin af þeim öllum saman. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Mæðginin Elín Elimundardóttir húsfreyja og Bergur Jóhannesson á hlaðinu í Langeyjarnesi. Í mjólkurbrúsunum er vatn sem flutt var ofan frá Hnúki. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson við morgunmjaltir í Langeyjarnesi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Í Langeyjamasi. Jóhannes Þórður Jónsson bóndi hallar sér fram á hrifuna og Elín Elimundardóttir húsfreyja lítur í gömul dagblöð. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Kristbjörn Egilsson og Bergur Jóhannesson við heyskap í Langeyjarnesi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson á Rifinu á leið heim í Langeyjarnesi. Heimavarðan t.h. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.

Kristbjörn Egilsson



Horft heim að Stakkabergi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Ólöf Elimundardóttir og Logi Egilsson á Stakkabergi. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Ólöf Elimundardóttir og Kristbjörn Egilsson á Stakkabergi. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Sigfríður Elimundardóttir í eldhúsinu á Stakkabergi ásamt Ólöfu systur sinni, sem sést aðeins að hálfu. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.

Efri-Langey, Klofningshreppi, Dalasýslu. Ljósmyndir teknar á árunum 1960–1978



Gengið út í Efri-Langey, um Pokarifyfir í Langhólma og þaðan út í Langey. F.v. Guðbjörg Egilsdóttir, Kristbjörn Egilsson og Logi Egilsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Bergur Jóhannesson í Efri-Langey með Hjeppa og Kolla. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Gengið úr Langhólma yfir Pokaríf í Langeyjarnesi. F.v. Ingigerður Jónsdóttir, Sara Kristjánsdóttir, Guðbjörg Egilsdóttir, Kristbjörn Egilsson og Logi Egilsson. Ljós. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1960.



Í Efri-Langey. Heyskap lokið og allir velkomnir í töðugjöldin. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1964.



Horft af bæjarhlaðinu í Efri-Langey út á fjörðinn. Hnaus og Sigurðarhólmur blasa við. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Horft af bæjarhlaðinu í Efri-Langey. Hjallhólmur næst. Gamalt refabúr undir Búhól. Ljósm. Egill Kristbjörnsson, ágúst 1965.



Bergur Jóhannesson bóndi og Logi Egilsson framan við Hvíta húsið í Efri-Langey. Vinstra megin er fjóshlaðan og fjósið frá tíma Sigurðar Sveinbjörnssonar eða jafnvel enn eldra. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Kristbjörn Egilsson og Bergur Jóhannesson í Hvíta húsinu í Efri-Langey. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi slær heimatúnið (Búhólsvöll) í Efri-Langey. Hvíta húsið byggði Bergur á sama stað og bærinn var áður. Vinstra megin eru fjóshlaðan og fjósið frá tíma Sigurðar Sveinbjörnssonar eða jafnvel enn eldra. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi slær heimatúnið (Búhólsvöll) í Efri-Langey. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi bregður á leik með minkahundinum Kolla. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Kolli, einstakur minkahundur, lætur mynda sig í Efri-Langey. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi hirðir reka í Efri-Langey og Kristbjörn Egilsson er með í för. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi hirðir reka í Efri-Langey. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.



Bergur Jóhannesson bóndi og Logi Egilsson í Efri-Langey. Bergur brá sér oft í slopp við útiverkin. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1978.



Stóð Jóhannesar bónda í Langeyjarnesi á beit í Efri-Langey. Ljós. Logi Egilsson, ágúst 1978.